

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR

MILLI

EFTA-RÍKJANNA OG

LÝÐVELDISINS MOLDÓVU

## FORMÁLSORÐ

Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Svissneska ríkjasambandið (EFTA-ríkin),

og

Lýðveldið Moldóva,

hér á eftir nefnd, hvert og eitt, „sammingsaðili“ eða sameiginlega „sammingsaðilar“,

**SEM GERA SÉR GREIN FYRIR** þeirri sameiginlegu ósk að efla tengsl milli sammingsaðilanna með því að koma á nánum og varanlegum tengslum,

**SEM VILJA** skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem þau eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar,

**SEM ERU STAÐRÁÐNIR** í að stuðla að og styrkja enn frekar marghliða viðskiptakerfi, á grundvelli réttinda og skyldna hvers þeirra um sig samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina) og öðrum samningum sem gerðir hafa verið á grundvelli hans og stuðla þar með að samstilltri þróun og eflingu heimsviðskipta,

**SEM ÁRÉTTA** þá skuldbindingu sína að styðja við lýðræði, réttarreglur, mannréttindi og mannfrelsi í samræmi við skuldbindingar sínar að þjóðarétti, m.a. eins og fram kemur í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindayfirlýsingunni,

**SEM STEFNA AÐ ÞVÍ** að skapa ný atvinnutækifæri, bæta lífskjör og tryggja öfluga vernd heilsu, öryggis og umhverfis,

**SEM ÁRÉTTA** þá skuldbindingu sína að stefna að markmiðinu um sjálfbæra þróun og gera sér grein fyrir mikilvægi samræmdra stefna á sviði viðskipta, umhverfis og atvinnu sem styðja hver aðra með gagnkvæmum hætti í þessu tilliti,

**SEM ERU STAÐRÁÐNIR** í að beita samningi þessum í samræmi við þau markmið að varðveita og vernda umhverfið með traustri umhverfisstjórnun og að stuðla að hagkvæmustu nýtingu auðlinda heimsins í samræmi við markmiðið um sjálfbæra þróun,

**SEM MINNAST** réttinda sinna og skyldna samkvæmt marghliða samningum um umhverfismál sem þeir eru aðilar að og virðingar sinnar fyrir grundvallarviðmiðum og réttindum við vinnu, m.a. grundvallarviðmiðum sem sett eru fram í viðeigandi samþykktum Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar sem þeir eiga aðild að,

**SEM GERA SÉR GREIN FYRIR** mikilvægi þess að tryggja fyrirsjáanleika fyrir viðskiptasamfélög sammingsaðilanna,

**SEM ÁRÉTTA** þá skuldbindingu sína að stuðla að hagvexti fyrir alla með því að tryggja öllum jöfn tækifæri,

**SEM STAÐFESTA** þá skuldbindingu sína að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu í alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum og halda á lofti meginreglunum um gagnsæi og góða opinbera stjórnunarhætti,

**SEM GERA SÉR GREIN FYRIR** mikilvægi góðra stjórnarháttanna fyrirtækja og samfélagslegrar ábyrgðar þeirra á sviði sjálfbærrar þróunar og sem staðfesta það ætlunarverk sitt að hvetja fyrirtæki til að virða alþjóðlega viðurkenndar viðmiðunar- og meginreglur í þessu tilliti, t.d. viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki, meginreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar um stjórnunarhætti fyrirtækja og hnattrænt samkomulag SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum,

**SEM ERU ÞESS FULLVISSIR** að samningur þessi muni efla samkeppnishæfni fyrirtækja þeirra á heimsmörkuðum og skapa skilyrði sem hvetja til efnahagslegra tengsla, viðskiptatengsla og tengsla á sviði fjárfestinga milli samningsaðilanna,

**HAFI ÁKVÆÐIÐ**, í því skyni að fylgja framangreindu eftir, að gera með sér eftirfarandi fríverslunarsamning (samningurinn):

## I. KAFLI

### ALMENN ÁKVÆÐI

#### GR. 1.1

#### *MARKMIÐ.*

1. Samningsaðilarnir setja hér með á stofn fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði samnings þessa, byggt á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa og á virðingu fyrir meginreglum lýðræðis og mannréttinda, í því augnamiði að auka hagsæld og örva sjálfbæra þróun.
2. Markmiðin með samningi þessum eru:
  - a) að koma á frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 (GATT-samningurinn frá 1994),
  - b) að koma á frelsi í þjónustuviðskiptum í samræmi við V. gr. hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (GATS-samningurinn),
  - c) að efla með gagnkvæmum hætti fjárfestingartækifæri,
  - d) að koma í veg fyrir, fella niður eða draga úr ónauðsynlegum tæknilegum viðskiptahindrunum og ónauðsynlegum ráðstöfunum á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna,
  - e) að stuðla að aukinni samkeppni í atvinnulífi, einkum að því er varðar efnahagsleg tengsl milli samningsaðilanna,
  - f) að auka enn frekar gagnkvæmt frelsi á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup,
  - g) að tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda í samræmi við alþjóðlega staðla,
  - h) að þróa alþjóðaviðskipti með þeim hætti að stuðlað verði að markmiði sjálfbærrar þróunar og tryggt að markmiðið verði felld inn í viðskiptatengsl samningsaðilanna og endurspeglit í þeim og
  - i) að stuðla að samstilltri þróun og eflingu heimsviðskipta.

#### GR. 1.2

#### *Landfræðilegt gildissvið.*

1. Samningur þessi gildir um eftirfarandi nema kveðið sé á um annað í I. viðauka (Upprunareglur og samvinna á sviði stjórnsýslu):

- a) yfirráðasvæði á landi, innsævi og landhelgi samningsaðila og loftrými yfir yfirráðasvæði samningsaðila í samræmi við reglur þjóðaréttar og
  - b) sérefnahagslögsögu og landgrunn samningsaðila, í samræmi við reglur þjóðaréttar.
2. Samningur þessi gildir ekki á norska yfirráðasvæðinu Svalbarða nema að því er varðar viðskipti með vörur.

#### GR. 1.3

##### ***Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir samning þennan.***

1. Samningur þessi gildir um viðskipta- og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja innan EES annars vegar og Lýðveldisins Moldóvu hins vegar. Samningur þessi gildir ekki um viðskipta- og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.
2. Í samræmi við tollasamninginn frá 29. mars 1923 milli Sviss og Liechtensteins skal Sviss koma fram fyrir hönd Liechtensteins í málefnum sem falla undir þann samning.

#### GR. 1.4

##### ***Tengsl við aðra alþjóðasamninga.***

1. Samningsaðilarnir staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og öðrum samningum sem gerðir hafa verið á grundvelli hans sem þeir eru aðilar að og samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem þeir eiga aðild að.
2. Telji samningsaðili að viðhald eða stofnun tollabandalags, fríverslunarsvæðis, fyrirkomulags landamæraviðskipta eða annars fríðindasamnings af hálfu annars samningsaðila hafi þau áhrif að breyta því viðskiptafyrirkomulagi sem samningur þessi kveður á um getur hann farið fram á samráð. Sá samningsaðili sem gerir slíkan samning skal gefa nægilegt svigrúm til samráðs við þann samningsaðila sem fer fram á það.

#### GR. 1.5

##### ***Efndir skuldbindinga.***

1. Sérhver samningsaðili skal gera almennar eða sértækar ráðstafanir sem þörf er á til að hann geti efnt skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.
2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að miðlæg, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld hvers um sig gegni öllum skyldum sínum og efni allar skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og að það sé gert af hálfu óopinberra stofnana þegar þær fara með opinbert vald sem miðlæg, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld fela þeim.

GR. 1.6

*Gagnsæi.*

1. Sérhver samningsaðili skal birta eða veita almenningi aðgang með öðrum hætti að lögum sínum, reglum, ákvörðunum dómstóla, stjórnsluúrskurðum sem hafa almennt gildi og alþjóðasamningum hvers um sig sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings.
2. Sérhver samningsaðili skal svara án tafar sértækum spurningum og veita öðrum samningsaðilum, að fenginni beiðni, upplýsingar um málefni sem um getur í 1. mgr.
3. Ekkert í þessum samningi leggur samningsaðila þær skyldur á herðar að afhenda trúnaðarupplýsingar ef slíkt myndi hindra framkvæmd laga eða vera á annan hátt andstætt almannahagsmunum eða skaða lögmæta viðskiptahagsmuni atvinnurekanda.
4. Ef fyrir hendi er ósamræmi milli ákvæða þessarar greinar og ákvæða sem varða gagnsæi í öðrum hlutum samnings þessa skulu síðarnefndu ákvæðin gilda að því marki sem ósamræmis gætir.

## 2. KAFLI

### VÖRUVIÐSKIPTI

#### GR. 2.1

##### *Gildissvið og umfang.*

Þessi kafli gildir um vöruviðskipti milli samningsaðilanna.

#### GR. 2.2

##### *Innflutningsgjöld.*

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi skulu samningsaðilarnir beita innflutningsgjöldum vegna vara sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila í samræmi við I. viðauka (Upprunareglur og samvinna á sviði stjórnsýslu) og II.–V. viðauka (Skuldbindingaskrár varðandi tolla á vörur).

2. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi skal samningsaðili ekki leggja á ný innflutningsgjöld eða hækka innflutningsgjöld vegna vara sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila í samræmi við skuldbindingaskrá sína varðandi tolla á vörur.

3. Í þessum samningi merkir „innflutningsgjöld“ hvers kyns tollar, skattar eða gjöld sem lögð eru á í tengslum við innflutning vöru, þó ekki þau sem beitt er í samræmi við:

- a) III. gr. GATT-samningsins frá 1994, ásamt athugasemdum um túlkun hans,
- b) gr. 2.14 (Styrkir og jöfnunarráðstafanir), gr. 2.15 (Ráðstafanir gegn undirboðum), gr. 2.16 (Víðtækar verndarráðstafanir) eða gr. 2.17 (Tvíhliða verndarráðstafanir),
- c) VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, ásamt athugasemdum um túlkun hans.

#### GR. 2.3

##### *Flokkun vara.*

Flokkun vara í viðskiptum milli samningsaðilanna skal vera sú flokkun sem sett er fram í samræmi við samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrána, hér á eftir vísað til sem „samræmdu tollskrárinnar“ eða „ST“. Samningsaðilarnir skulu, í kjölfar breytinga á nafnakerfi samræmu tollskrárinnar eða annarra tæknilegra breytinga á tollskrá samningsaðila, breyta I. viðauka (Upprunareglur og samvinna á sviði stjórnsýslu) og II.-V. viðauka (Skuldbindingaskrá varðandi tolla á vörur).

GR. 2.4

***Útflutningsgjöld.***

Samningsaðili skal hvorki samþykkja né viðhalda tollum, sköttum né gjöldum af neinu tagi öðrum en innlendu gjöldunum sem lögð eru á í samræmi við gr. 2.10 (Innlend meðferð) í tengslum við útflutning vara til annars samningsaðila.

GR. 2.5

***Upprunareglur og samvinna á sviði stjórnsýslu.***

Upprunareglur og samvinna á sviði stjórnsýslu eru sett fram í I. viðauka (Upprunareglur og samvinna á sviði stjórnsýslu).

GR. 2.6

***Tollverðsákvörðun<sup>1</sup>.***

Ákvæði VII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og I. hluti samningsins um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 skulu gilda og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

GR. 2.7

***Veiting innflutningsleyfa.***

Samningsaðilarnir staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um veitingu innflutningsleyfa nema annað sé tilgreint í þessum samningi.

GR. 2.8

***Magntakmarkanir.***

1. Ákvæði XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Samningsaðili, sem hyggst beita ráðstöfun í samræmi við 2. mgr. XI. gr. GATT-samningsins frá 1994, skal þegar í stað tilkynna það sameiginlegu nefndinni. Tilkynning samningsaðila í samræmi við XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 skal teljast jafngild tilkynningu samkvæmt þessum samningi.
3. Takmarka skal gildistíma ráðstöfunar, sem er beitt í samræmi við þessa grein, og hún skal vera án mismununar, gagnsæ og ekki ganga lengra en nauðsyn krefur til að ráða bóta á

---

<sup>1</sup> Sviss leggur á tolla sem miðast við þyngd og magn fremur en verðtolla.



þeim aðstæðum sem lýst er í 2. mgr. XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og ekki skapa ónaðsynlegar viðskiptahindranir milli samningsaðilanna.

#### GR. 2.9

##### ***Þóknanir og formsatriði.***

Ákvæði VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, ásamt athugasemdum um túlkun hans, gilda og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda, með fyrirvara um 7. gr. (Þóknanir og gjöld) VI. viðauka (Viðskiptalífrun).

#### GR. 2.10

##### ***Innlend meðferð.***

Sérhver samningsaðili skal veita vörum annars samningsaðila innlenda meðferð í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994, ásamt athugasemdum um túlkun hans. Í þessu skyni er III. gr. GATT-samningsins frá 1994, ásamt athugasemdum um túlkun hans, hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.

#### GR. 2.11

##### ***Tæknilegar reglur.***

1. Að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismat gildir samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir og er hér með felldur inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Samningsaðilarnir skulu auka samvinnu sína á sviði tæknilegra reglna, staðla og samræmismats með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hvers þeirra um sig og auðvelda aðgang að mörkuðum þeirra.
3. Á grundvelli beiðni samningsaðila, sem telur að tæknileg regla, staðall eða samræmismatsaðferð annars samningsaðila sé líkleg til að leiða til eða hefur leitt til viðskiptahindrunar, skal efna til samráðs með það að markmiði að finna lausn sem gagnkvæm sátt er um. Samráð skal fara fram innan 30 daga frá viðtöku beiðninnar og getur farið fram með hverri þeirri aðferð sem viðkomandi samningsaðilar koma sér saman um. Tilkynna skal sameiginlegu nefndinni um það.
4. Á grundvelli beiðni samningsaðila skulu samningsaðilarnir samþykkja, án ástæðulausrar tafar, fyrirkomulag við að veita hver öðrum meðferð í tengslum við tæknilegar reglur, staðla og samræmismat sem allir samningsaðilar hafa samið um við Evrópusambandið (ESB).
5. Samningsaðilarnir skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða vegna þessarar greinar í því skyni að auðvelda samskipti og upplýsingaskipti.

**Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.**

1. Að því er varðar ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna gildir samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og er hann hér með felldur inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Samningsaðilarnir skulu auka samvinnu sína um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hvers þeirra um sig og auðvelda aðgang að mörkuðum þeirra.
3. Á grundvelli beiðni samningsaðila, sem telur að ráðstöfun annars samningsaðila á sviði heilbrigðis dýra og plantna sé líkleg til að leiða til eða hefur leitt til viðskiptahindrunar eða að viðkomandi samningsaðili hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein, skal efna til samráðs með það að markmiði að finna lausn sem gagnkvæm sátt er um. Samráðið skal fara fram innan 30 daga frá viðtöku beiðninnar og getur farið fram með hverri þeirri aðferð sem viðkomandi samningsaðilar koma sér saman um. Þegar um er að ræða vörur sem hætt er við skemmdum eða neyðarástand varðandi heilbrigði dýra og plantna skal samráð milli lögbærra yfirvalda fara fram án ástæðulausrar tafar. Tilkynna skal sameiginlegu nefndinni um það.
4. Málsmeðferð við eftirlit, skoðun og samþykki vegna innflutnings dýra, dýraafurða, afurða úr dýraríkinu og aukaafurða úr dýrum skal beitt í samræmi við samninginn um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og staðla, viðmiðunarreglur og tilmæli sem viðeigandi alþjóðastofnanir samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna mæla fyrir um.
5. Fyrirmynd að opinberu vottorði eða opinberu skjali, sem innflutningssamningsaðili fer fram á, skal samþykkt af samningsaðilunum með gagnkvæmum hætti og vera í samræmi við alþjóðlega staðla.
6. Innflutningssamningsaðilinn hefur rétt til að framkvæma mat á eftirlitskerfi lögbærs yfirvalds útflutningssamningsaðilans, í heild eða að hluta, til að heimila innflutning á tilteknum flokki afurða úr dýraríkinu. Samningsaðilarnir samþykkja að nota fyrst og fremst úttektir á kerfum sem matsaðferð en hún grundvallast á skoðun sýnishorna af verklagi kerfa, skjölum eða skráum og, þar sem þess er krafist, vettvangsskoðunum á starfsstöðvum sem falla undir gildissvið úttektarinnar. Innflutningssamningsaðilinn skal bera þann kostnað sem stofnað er til við úttektina.
7. Ef innflutningssamningsaðilinn heldur skrá yfir starfsstöðvar sem hafa leyfi til innflutnings á dýraafurðum skal útflutningssamningsaðilinn láta innflutningssamningsaðilanum í té fullnægjandi hollustuábyrgðir fyrir því að starfsstöðvarnar uppfylli viðeigandi kröfur innflutningssamningsaðilans og taka saman skrárnar yfir samþykktar starfsstöðvar og veita innflutningssamningsaðilanum aðgang að þeim.
8. Að fenginni beiðni samningsaðila skulu samningsaðilarnir veita hver öðrum meðferð, án ástæðulausrar tafar, í tengslum við ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sem hver samningsaðili hefur veitt eða samið um við Evrópusambandið.
9. Samningsaðilarnir skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða með sérþekkingu á hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna í því skyni að auðvelda samskipti og upplýsingaskipti.

GR. 2.13

***Viðskiptalíprun.***

Ákvæði varðandi viðskiptalíprun eru sett fram í VI. viðauka (Viðskiptalíprun).

GR. 2.14

***Styrkir og jöfnunarráðstafanir.***

1. Fara skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, að undanskildu því sem kveðið er á um í 2. mgr.

2. Áður en samningsaðili hefur rannsókn til að ákvarða hvort og að hve miklu leyti meintir styrkir eru veittir hjá öðrum samningsaðila og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðilinn, sem hyggst hefja rannsókn, senda skriflega tilkynningu um það til samningsaðilans sem vörurnar tilheyra og rannsóknin tekur til og veita 45 daga frest til samráðs til að finna lausn sem gagnkvæm sátt er um. Samráð skal fara fram innan sameiginlegu nefndarinnar nema þeir samningsaðilar, sem leggja fram beiðni um samráð eða slíkri beiðni er beint til, komi sér saman um annað.

GR. 2.15

***Ráðstafanir gegn undirboðum.***

1. Samningsaðili skal ekki beita ráðstöfunum gegn undirboðum, sem kveðið er á um skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994, í tengslum við vörur sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila.

2. Fimm árum eftir gildistöku þessa samnings geta samningsaðilarnir í sameiginlegu nefndinni endurskoðað framkvæmd 1. mgr. Eftir það geta samningsaðilarnir endurskoðað þetta mál á tveggja ára fresti í sameiginlegu nefndinni.

GR. 2.16

***Víðtækar verndarráðstafanir.***

1. Fara skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er víðtækar verndarráðstafanir varðar, í samræmi við XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir. Samningsaðili skal, þegar hann gerir ráðstafanir samkvæmt þessum ákvæðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, undanskilja innflutning upprunavöru frá einum eða nokkrum samningsaðilum ef slíkur innflutningur veldur ekki eða honum fylgir ekki alvarlegt tjón eða líkur eru á því.

2. Samningsaðili, sem hyggst samþykkja endanlegar víðtækar verndarráðstafanir gegn einum eða fleiri samningsaðilum, skal tilkynna þeim um það og bjóða til samráðs.

Hann skal veita 45 daga frest frá dagsetningu tilboðsins til að halda samráðsfundi áður en hún samþykkir endanlegar viðtækar verndarráðstafanir.

3. Samningsaðili sem samþykkir viðtækar verndarráðstafanir skal beita þeim þannig að það hafi sem minnst áhrif á tvíhliða viðskipti.

#### GR. 2.17

##### *Tvíhliða verndarráðstafanir.*

1. Ef lækkun eða afnám tolla samkvæmt samningi þessum leiðir til þess að vara, upprunnin hjá samningsaðila, er flutt inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila í það auknum mæli, annaðhvort sem hrein aukning eða sem hlutfall af innlendri framleiðslu, og við þau skilyrði að það valdi eða kunni að valda alvarlegu tjóni eða líkum á því svo um munar á yfirráðasvæði innflutningssamningsaðilans fyrir innlenda framleiðslu sambærilegra vara eða vara í beinni samkeppni, er innflutningssamningsaðilanum heimilt að grípa til tvíhliða verndarráðstafana í eins litlum mæli og nauðsynlegt er til þess að bæta tjónið eða fyrirbyggja það, með fyrirvara um 2.-10. mgr.

2. Því aðeins má grípa til tvíhliða verndarráðstafana að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegu tjóni eða hættu á því samkvæmt rannsókn sem er gerð í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.

3. Samningsaðili, sem hyggst grípa til tvíhliða verndarráðstöfunar samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað og hvað sem öðru líður áður en gripið er til hennar, tilkynna hinum samningsaðilunum um það. Í tilkynningunni skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar, þar á meðal sönnunargögn um alvarlegt tjón eða hættu á slíku af völdum aukins innflutnings, nákvæm lýsing á þeirri vöru sem um ræðir, upplýsingar um fyrirhugaða ráðstöfun og frá hvaða degi og hversu lengi ráðstöfunin gildir og á hve löngum tíma hún verður afnumin í áföngum. Þjóða skal samningsaðila, sem tvíhliða verndarráðstöfun gæti haft áhrif á, bætur í formi viðskiptafrelsis, sem er jafngilt að verulegu leyti, í tengslum við innflutning frá honum.

4. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. eru uppfyllt getur innflutningssamningsaðilinn gert ráðstafanir sem felast í því að hækka toll á vöruna að marki sem fer ekki yfir það sem lægra er af eftirfarandi:

- a) tolli sem er lagður á í bestukjarameðferð þegar tvíhliða verndarráðstöfunin er gerð eða
- b) tolli sem er lagður á í bestukjarameðferð daginn fyrir gildistöku samnings þessa.

5. Tvíhliða verndarráðstafanir skulu ekki vara lengur en í eitt ár. Við mjög sérstakar aðstæður, að lokinni endurskoðun sameiginlegu nefndarinnar, er heimilt að gera ráðstafanir til þriggja ára að hámarki. Ekki skal beita tvíhliða verndarráðstöfunum gagnvart innflutningi vöru sem féll áður undir slíka ráðstöfun.

6. Sameiginlega nefndin skal, innan 30 daga frá viðtökudegi tilkynningarinnar, kanna þær upplýsingar, sem eru veittar skv. 3. mgr., í því skyni að greiða fyrir lausn sem gagnkvæm sátt er um. Ef engin lausn finnst er innflutningssamningsaðilanum heimilt að samþykkja tvíhliða

verndarráðstöfun skv. 4. mgr. til að ráða bót á vandanum og er samningsaðilanum, sem varan sem ráðstöfunin beinist gegn tilheyrir, heimilt að grípa til jöfnunaraðgerðar ef ekki næst gagnkvæmt samkomulag um jöfnunargreiðslur. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum þegar í stað um slíka tvíhliða verndarráðstöfun og jöfnunaraðgerðina. Við val á tvíhliða verndarráðstöfun og jöfnunaraðgerð skal sú aðgerð eða ráðstöfun sem raskar minnst framkvæmd samnings þessa hafa forgang. Samningsaðilinn, sem grípur til jöfnunaraðgerðar, skal gera það í eins stuttan tíma og mögulegt er til að ná fram, í meginatriðum, jafngildum áhrifum í viðskiptum og, hvað sem öðru líður, einungis á meðan tvíhliða verndarráðstöfunin skv. 4. mgr. varir.

7. Þegar tvíhliða verndarráðstöfun lýkur skal leggja á þann toll sem í reynd hefði verið lagður á ef ráðstöfunin hefði ekki verið gerð.

8. Ef aðstæður eru tvísýnar og tafir myndu valda skaða sem erfitt yrði að bæta er samningsaðila heimilt að grípa til tvíhliða verndarráðstöfunar til bráðabirgða í samræmi við bráðabirgðaniðurstöðu þess efnis að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur sé veigamikil orsök alvarlegs tjóns eða hættu á því fyrir viðkomandi innlenda atvinnugrein. Samningsaðilinn, sem hyggst grípa til slíkrar ráðstöfunar, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um það. Hefja skal þær ráðstafanir sem settar eru fram í 2.–6. mgr., þ.m.t. ráðstafanir vegna jöfnunaraðgerða, innan 30 daga frá viðtöku tilkynningarinnar. Bætur skulu miðast við samanlagðan gildistíma tvíhliða verndarráðstöfunarinnar sem gerð er til bráðabirgða og tvíhliða verndarráðstöfunarinnar.

9. Öllum tvíhliða verndarráðstöfunum til bráðabirgða skal hætt í síðasta lagi innan 200 daga. Gildistími slíkrar tvíhliða verndarráðstöfunar til bráðabirgða skal talinn hluti tímalengdar þeirrar tvíhliða verndarráðstöfunar og framlengingar hennar sem settar eru fram í 4. og 5. mgr., eftir því sem við á. Endurgreiða skal tollahækkunar þegar í stað ef rannsóknin, sem er lýst í 2. mgr., leiðir ekki í ljós að skilyrðum 1. mgr. hafi verið fullnægt.

10. Fimm árum eftir gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilarnir endurskoða hvort nauðsynlegt er að viðhalda þeim möguleika að grípa til verndarráðstafana á milli þeirra. Að endurskoðuninni lokinni geta samningsaðilarnir ákveðið hvort þeir vilja halda áfram að beita þessari grein. Ákveði samningsaðilarnir að lokinni fyrstu endurskoðun að viðhalda þessum möguleika skal sameiginlega nefndin framkvæma endurskoðun á tveggja ára fresti eftir það.

## GR. 2.18

### ***Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.***

Samningsaðilarnir staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað nema annað sé tilgreint í þessum samningi.

GR. 2.19

***Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki.***

Ákvæði XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulagið um túlkun XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda og eru þau hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

GR. 2.20

***Almennar undantekningar.***

Að því er þennan kafla varðar gildir XX. gr. GATT-samningsins frá 1994, ásamt athugasemdum um túlkun hans, og er hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.

GR. 2.21

***Undantekningar af öryggisástæðum.***

Að því er þennan kafla varðar gildir XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994, ásamt athugasemdum um túlkun hans, og er hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.

GR. 2.22

***Greiðslujöfnuður.***

1. Samningsaðila sem á í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð, eða þegar yfirvofandi hætta er á slíkum erfiðleikum, er heimilt, í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í GATT-samningnum frá 1994 og samkomulagi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um greiðslujöfnuðarákvæði í GATT-samningnum frá 1994, að samþykkja takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum sem skulu vara í takmarkaðan tíma og vera án mismununar og ekki ganga lengra en nauðsyn krefur til að bæta stöðu greiðslujafnaðar.

2. Samningsaðili, sem innleiðir ráðstöfun samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

GR. 2.23

***Nýting fríðinda.***

1. Að því er varðar eftirlit með framkvæmd þessa samnings og útreikning á nýtingarhlutfalli fríðinda skulu samningsaðilarnir skiptast árlega á tölfræðilegum upplýsingum um innflutning og tollskrártaxta sem veita fríðindi samkvæmt þessum samningi, sem og gildandi tollskrártaxta bestukjaramedferðar.

2. Tölfræðilegar upplýsingar um innflutning sem skipst er á skulu varða þrjú síðustu ár sem fyrir liggja og ná yfir allan innflutning frá hlutaðeigandi samningsaðila, þ.m.t. viðskiptaverðmæti og -magn sem skráð er á innlenda undirliði. Samningsaðilarnir skulu skiptast

á sérstökum tölfræðilegum upplýsingum um innflutning sem nýtur fríðindameðferðar samkvæmt þessum samningi, innflutning sem nýtur annarrar fríðindameðferðar en samkvæmt þessum samningi og einnig innflutning sem fær ekki fríðindameðferð (bestukjarameðferð). Tollskrártaxtar sem veita fríðindi og gildandi tollskrártaxtar bestukjarameðferðar sem skipst er á skulu varða sama ár og tölfræðilegu upplýsingarnar um innflutning. Að fenginni beiðni skulu samningsaðilarnir skiptast á viðbótarupplýsingum og skýringum á ensku.

3. Skipti á tölfræðilegum upplýsingum um innflutning, tollskrártaxta sem veitir fríðindi og gildandi tollskrártaxta bestukjarameðferðar skulu hefjast einu ári eftir gildistökudag þessa samnings.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. er þess ekki krafist að samningsaðili skiptist á upplýsingum sem eru bundnar trúnaði samkvæmt lögum hans og reglum.

#### GR. 2.24

#### ***Undirnefnd um vöruviðskipti.***

1. Undirnefnd um vöruviðskipti (undirnefndin) er hér með komið á fót.
2. Umboð undirnefndarinnar er sett fram í VII. viðauka (Umboð undirnefndarinnar um vöruviðskipti).

### 3. KAFLI

#### ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

##### GR. 3.1

##### *Gildissvið og umfang.*

1. Þessi kafli á við um þær ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti sem ríkisstjórnir, svæðisbundin eða staðbundin stjórnvöld og yfirvöld gera, og einnig óopinberar stofnanir sem fara með vald í umboði ríkisstjórnar, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda. Hann gildir um allar þjónustugeira.
2. Að því er varðar flutningaþjónustu í lofti gildir þessi kafli ekki um ráðstafanir sem hafa áhrif á flugréttindi eða um ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustu sem tengist beint nýtingu flugréttinda, að því undanskildu sem kveðið er á um í 3. mgr. viðaukans við GATS-samninginn um flutningaþjónustu í lofti. Skilgreiningarnar í 6. mgr. viðaukans við GATS-samninginn um flutningaþjónustu í lofti skulu gilda og eru hér með felldar inn í þennan kafla og verða hluti af honum.
3. Greinar 3.4 (Bestukjarameðferð), 3.5 (Markaðsaðgangur) og 3.6 (Innlend meðferð) skulu ekki eiga við um innlend lög og reglur sem gilda um innkaup opinberra stofnana á þjónustu fyrir hið opinbera sem er ekki með endursölu eða veitingu þjónustu í viðskiptalegum tilgangi í huga.

##### GR. 3.2

##### *Innfelling ákvæða GATS-samningsins.*

Þegar kveðið er á um það í þessum kafla að ákvæði úr GATS-samningnum sé felld inn í þennan kafla og verði hluti af honum skal merking hugtaka í viðkomandi ákvæði GATS-samningsins vera sú sem hér segir:

- a) „aðili“ merkir samningsaðili,
- b) „skrá“ merkir skrá sem um getur í gr. 3.18 (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar) og er að finna í VIII. viðauka (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar) og
- c) „sérstök skuldbinding“ merkir sérstök skuldbinding í skrá sem um getur í gr. 3.18 (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar).

##### GR. 3.3

##### *Skilgreiningar.*

1. Eftirfarandi skilgreiningar í I. gr. GATS-samningsins eru hér með felldar inn í þennan kafla og verða hluti af honum:



- a) „þjónustuviðskipti“,
- b) „þjónusta“ og
- c) „þjónusta sem opinber yfirvöld veita“.

2. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „þjónustuveitandi“: hver sá aðili sem veitir eða óskar eftir að veita þjónustu,<sup>2</sup>
- b) „einstaklingur frá öðrum samningsaðila“: einstaklingur sem er, samkvæmt löggjöf þessa annars samningsaðila:
  - i. ríkisborgari þessa annars samningsaðila og búsettur á yfirráðasvæði hvaða aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem er eða
  - ii. einstaklingur, sem hefur fasta búsetu hjá þessum öðrum samningsaðila en býr á yfirráðasvæði samningsaðila, ef þessi annar samningsaðili veitir einstaklingum með fasta búsetu hjá sér sömu meðferð í aðalatriðum og sínum eigin ríkisborgurum að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti. Þessi skilgreining tekur, þegar þjónusta er veitt með nærveru einstaklinga (þjónustumáti 4), til einstaklings sem hefur fasta búsetu hjá fyrrnefndum öðrum samningsaðila og býr á yfirráðasvæði samningsaðila eða á yfirráðasvæði hvaða aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem er,
- c) „lögaðili annars samningsaðila“: lögaðili sem er annaðhvort:
  - i. stofnaður eða skipulagður með öðrum hætti samkvæmt lögum fyrrnefnds annars samningsaðila og stundar umtalsverð viðskipti á yfirráðasvæði:
    - aa) samningsaðila eða
    - bb) aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og er í eigu eða undir stjórn einstaklinga frá fyrrnefndum öðrum samningsaðila eða lögaðila sem uppfylla öll skilyrði í aa-lið i. liðar í c-lið eða
  - ii. ef um ræðir þjónustu, sem er veitt með viðskiptanærveru, er í eigu eða undir stjórn:
    - aa) einstaklinga frá fyrrnefndum öðrum samningsaðila eða

---

<sup>2</sup> Ef lögaðili veitir ekki, eða sækist ekki eftir að veita, þjónustuna beint heldur á grundvelli annars konar viðskiptanærveru, s.s. útibús eða umboðsskrifstofu, skal þjónustuveitandinn (þ.e. lögaðilinn) þó fá sömu meðferð vegna þessarar viðskiptanærveru og þjónustuveitendur fá samkvæmt þessum kafla. Slík meðferð skal ná til þeirrar viðskiptanærveru þar sem þjónustan er veitt, eða óskað er eftir að veita hana, og þarf ekki að taka til annarrar starfsemi þjónustuveitandans utan yfirráðasvæðisins þar sem þjónustan er veitt eða óskað er eftir að veita hana.

bb) lögaðila frá fyrrnefndum öðrum samningsaðila sem eru tilgreindir í i. lið c-liðar.

3. Eftirfarandi skilgreiningar í XXVIII. gr. GATS-samningsins eru hér með felldar inn í þennan kafla og verða hluti af honum:

- a) „ráðstöfun“,
- b) „veiting þjónustu“,
- c) „ráðstafanir aðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti“,
- d) „viðskiptanærvera“,
- e) „svið“ þjónustu,
- f) „þjónusta annars aðila“,
- g) „þjónustuveitandi með einkasöluaðstöðu“,
- h) „þjónustuneytandi“,
- i) „einstaklingur eða lögaðili“,
- j) „lögaðili“,
- k) „í eigu“, „undir stjórn“ og „tengd“ og
- l) „beinir skattar“.

GR. 3.4

### ***Bestukjarameðferð.***

1. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um ráðstafanir sem eru gerðar í samræmi við VII. gr. GATS-samningsins og að því undanskildu sem kveðið er á um í skrá hans yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar sem er að finna í IX. viðauka (Skrár yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar), þegar í stað og án skilyrða, að því er varðar allar ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu þjónustu, veita þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila meðferð sem er ekki óhagstæðari en sú sem hann veitir vegna sambærilegrar þjónustu og þjónustuveitendum aðila sem standa utan samningsins.

2. Meðferð, sem er veitt samkvæmt öðrum gildandi eða síðari samningum sem samningsaðili hefur eða mun ganga frá og tilkynna um skv. V. gr. eða V. gr. a í GATS-samningnum, fellur ekki undir 1. mgr.

3. Ef samningsaðili gerir eða breytir samningi af þeirri tegund sem tilkynnt er um skv. V. gr. eða V. gr. a í GATS-samningnum skal hann, að beiðni annars samningsaðila, veita þeim samningsaðila nægilegt tækifæri til að semja um þann ávinning sem felst í slíkum samningi.

4. Ekkert í þessum kafla skal túlkað á þann hátt að það komi í veg fyrir að samningsaðili geti veitt aðliggjandi löndum hagræði í því skyni að auðvelda skipti á þjónustu sem verður bæði til og er notuð á samliggjandi þjónustusvæðum.

#### GR. 3.5

##### ***Markaðsaðgangur.***

Ákvæði XVI. gr. GATS-samningsins gilda um þennan kafla og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

#### GR. 3.6

##### ***Innlend meðferð.***

Ákvæði XVII. gr. GATS-samningsins gilda um þennan kafla og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

#### GR. 3.7

##### ***Viðbótarskuldbindingar.***

Ákvæði XVIII. gr. GATS-samningsins gilda um þennan kafla og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

#### GR. 3.8

##### ***Innlendar reglur.***

1. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að ráðstöfunum, sem hafa almennt gildi og hafa áhrif á þjónustuviðskipti, sé beitt með eðlilegum, hlutlægum og óhlutdrægum hætti.
2. Sérhver samningsaðili skal hafa eða koma á fót, eins fljótt og aðstæður leyfa, dómstólum, gerðardómum, stjórnarsýsludómstólum eða málsmeðferð sem gera ráð fyrir, að beiðni þjónustuveitanda annars samningsaðila sem málið varðar, tafarlausri endurskoðun stjórnarsýsluákvæðana sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti og, þar sem það er réttlætandi, að gripið verði til viðeigandi réttarráða vegna slíkra stjórnarsýsluákvæðana. Ef slík málsmeðferð er ekki óháð stofnuninni sem tekur viðkomandi stjórnarsýsluákvæðun skal samningsaðilinn sjá til þess að málsmeðferðin feli í raun í sér hlutlæga og óhlutdræga endurskoðun.
3. Ef krafist er leyfis af hálfu samningsaðila fyrir veitingu þjónustu skulu lögbær yfirvöld hans tilkynna umsækjandanum, innan hæfilegs frests eftir að umsókn sem telst uppfylla innlend lög og reglur hefur verið lögð fram, hvaða ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina. Lögbær yfirvöld samningsaðilans skulu, að beiðni umsækjandans, veita upplýsingar um stöðu umsóknarinnar án ástæðulausrar tafar.
4. Sérhver samningsaðili skal tryggja að ráðstafanir, sem varða kröfur og málsmeðferð vegna hæfis, tæknistaðla og kröfur og málsmeðferð vegna leyfisveitingar innan allra þjónustusviða, séu byggðar á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðunum, eins og hæfni og getu til þess að veita þjónustuna.

5. Sameiginlega nefndin skal, með það í huga að tryggja að ráðstafanir sem varða kröfur og málsmeðferð vegna hæfis, tæknistaðla og kröfur og málsmeðferð vegna leyfisveitingar feli ekki í sér ónaðsynlegar hindranir í þjónustuviðskiptum, taka ákvörðun sem miðar að því að fella inn í samning þennan verklagsreglur sem verða til innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í samræmi við 4. mgr. VI. gr. GATS-samningsins. Samningsaðilunum er og heimilt, sameiginlega eða á tvíhliða grundvelli, að ákveða að þróa frekari verklagsreglur.

6. Á sviðum þar sem samningsaðili hefur gengist undir sérstakar skuldbindingar, á meðan þess er beðið að ákvörðun um upptöku verklagsreglna Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar öðlist gildi að því er þessi svið varðar skv. 5. mgr. og, komi samningsaðilar sér saman um þær, verklagsreglna sem eru undirbúnar sameiginlega eða á tvíhliða grundvelli samkvæmt þessum samningi skv. 5. mgr., skal samningsaðilinn ekki beita kröfum og málsmeðferð vegna hæfis, tæknistöðlum og kröfum og málsmeðferð vegna leyfisveitingar sem gera að engu eða skerða slíkar sérstakar skuldbindingar með þeim hætti sem:

- a) er meira íþyngjandi en nauðsyn krefur til þess að tryggja megi gæði þjónustunnar eða
- b) í tilviki málsmeðferðar vegna leyfisveitingar, takmarkar í sjálfu sér veitingu þeirrar þjónustu sem um ræðir.

7. Þegar ákvarðað er hvort samningsaðili uppfylli skyldu sína skv. 6. mgr. skal taka tillit til þeirra alþjóðlegu staðla viðkomandi alþjóðastofnana<sup>3</sup> sem sá samningsaðili beitir.

8. Sérhver samningsaðili skal kveða á um fullnægjandi málsmeðferð til að sannreyna hæfni fagmanna annarra samningsaðila.

### GR. 3.9

#### *Viðurkenning.*

1. Sérhver samningsaðili skal, í því skyni að uppfylla viðeigandi staðla sína eða viðmiðanir um heimildir, leyfi eða skírteini þjónustuveitenda, taka tilhlýðilegt tillit til beiðna annars samningsaðila þess efnis að viðurkenna menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini sem hafa verið gefin út í landi fyrrnefnds annars samningsaðila. Heimilt er að byggja slíka viðurkenningu á samningi eða samkomulagi við fyrrnefndan annan samningsaðila eða veita hana með öðrum hætti einhliða.

2. Viðurkenni samningsaðili, með samningi eða samkomulagi, menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini sem hafa verið gefin út á yfirráðasvæði aðila sem stendur utan samningsins skal sá samningsaðili veita öðrum samningsaðila fullnægjandi tækifæri til að semja um aðild að slíkum gildandi eða síðari samningi eða samkomulagi eða ganga frá sambærilegum samningi eða samkomulagi við hann. Veiti samningsaðili viðurkenningu einhliða skal hann veita öðrum samningsaðila fullnægjandi tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri einnig menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða skírteini sem hafa verið gefin út á yfirráðasvæði fyrrnefnds annars samningsaðila.

---

<sup>3</sup> Hugtakið „viðkomandi alþjóðastofnanir“ merkir alþjóðastofnanir sem viðkomandi stofnunum a.m.k. allra samningsaðila er frjálst að eiga aðild að.

3. Allir slíkir samningar eða samkomulag eða einhliða viðurkenning skulu eða skal vera í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, einkum 3. mgr. VII. gr. GATS-samningsins.

#### GR. 3.10

##### *För einstaklinga.*

1. Þessi grein gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem eru þjónustuveitendur hjá samningsaðila og á einstaklinga frá samningsaðila sem þjónustuveitandi hjá samningsaðila ræður til að veita þjónustu.
2. Þessi kafli gildir hvorki um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem leita eftir aðgangi að vinnumarkaði samningsaðila né gildir hann um ráðstafanir varðandi ríkisfang, búsetu eða fasta atvinnu.
3. Einstaklingum, sem falla undir sérstaka skuldbindingu, skal heimilt að veita þá þjónustu sem um ræðir í samræmi við skilmála þeirrar skuldbindingar.
4. Þessi kafli skal ekki koma ekki í veg fyrir að samningsaðili geti beitt ráðstöfunum til að stýra komu einstaklinga frá öðrum samningsaðila inn á yfirráðasvæði sitt eða tímabundinni dvöl þeirra þar, meðal annars þeim ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að vernda friðhelgi landamæra sinna og tryggja skipulag á för einstaklinga yfir þau, að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að geri að engu eða skerði þann ávinning sem samningsaðilar hafa samkvæmt skilmálum sérstakrar skuldbindingar.<sup>4</sup>

#### GR. 3.11

##### *Gagnsæi.*

Ákvæði 1. og 2. mgr. III. gr. og III. gr. a í GATS-samningnum gilda um þennan kafla og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

#### GR. 3.12

##### *Einkasöluaðstaða og þjónustuveitendur með einkarétt.*

Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. VIII. gr. GATS-samningsins gilda um þennan kafla og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

---

<sup>4</sup> Ekki skal litið svo á að það eitt að krefjast vegabréfsáritunar fyrir einstaklinga geri að engu eða skerði ávinning samkvæmt sérstakri skuldbindingu.

GR. 3.13

***Viðskiptahættir.***

Ákvæði IX. gr. GATS-samningsins gilda um þennan kafla og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

GR. 3.14

***Greiðslur og yfirfærslur.***

1. Að frátöldum þeim aðstæðum sem fyrirséðar eru í gr. 3.15 (Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð) skal samningsaðili ekki setja takmarkanir á yfirfærslur og greiðslur milli ríkja í yfirstandandi viðskiptum við annan samningsaðila.
2. Ekkert í þessum kafla hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt samkomulaginu um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þar á meðal ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við samkomulagið um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að því tilskildu að samningsaðili setji engar takmarkanir á fjármagnsviðskipti, sem ekki samrýmast sérstökum skuldbindingum hans, nema skv. gr. 3.15 (Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð) eða að beiðni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

GR. 3.15

***Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.***

1. Samningsaðilarnir skulu reyna að komast hjá því að leggja á takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.
2. Ákvæði 1.–3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins gilda um þennan kafla og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.
3. Samningsaðili, sem samþykkir eða viðheldur slíkum takmörkunum, skal þegar í stað tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

GR. 3.16

***Styrkir.***

1. Samningsaðili, sem telur sig hafa orðið fyrir skaðlegum áhrifum af styrkveitingum annars samningsaðila, getur óskað eftir sérstökum samráðsfundi um það með þeim samningsaðila. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal ganga til slíks samráðs.
2. Samningsaðilarnir skulu endurskoða allar verklagsreglur, sem samkomulag er um skv. XV. gr. GATS-samningsins, með það í huga að fella þær inn í þennan samning.

GR. 3.17

***Undanþágur.***

Ákvæði XIV. gr. og 1. mgr. XIV. gr. a í GATS-samningnum gilda um þennan kafla og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

GR. 3.18

***Skrár yfir sérstakar skuldbindingar.***

1. Sérhver samningsaðili skal færa í skrá þær sérstöku skuldbindingar sem hann gengst undir skv. gr. 3.5 (Markaðsaðgangur), 3.6 (Innlend meðferð) og 3.7 (Viðbótarskuldbindingar). Tilgreina skal eftirfarandi í sérhverri skrá, að því er varðar svið þar sem gengist er undir fyrrnefndar skuldbindingar:

- a) skilmála, takmarkanir og skilyrði fyrir markaðsaðgangi,
- b) skilyrði og hæfiskröfur vegna innlendar meðferðar,
- c) samþykktir varðandi viðbótarskuldbindingar sem um getur í gr. 3.7 (Viðbótarskuldbindingar) og
- d) tímamörk fyrir framkvæmd slíkra skuldbindinga og gildistöku slíkra skuldbindinga, eftir því sem við á.

2. Ráðstafanir, sem eru ósamrýmanlegar bæði gr. 3.5 (Markaðsaðgangur) og gr. 3.6 (Innlend meðferð), skulu vera með fyrirvara um 2. mgr. XX. gr. GATS-samningsins.

3. Skrár samningsaðilanna yfir sérstakar skuldbindingar eru settar fram í VIII. viðauka (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar).

GR. 3.19

***Breytingar á skrá.***

Samningsaðilarnir skulu, að fenginni skriflegri beiðni samningsaðila, hafa með sér samráð til að fjalla um breytingar á sérstakri skuldbindingu eða afturköllun hennar í skrá samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, yfir sérstakar skuldbindingar. Samráðið skal fara fram innan þriggja mánaða frá viðtöku beiðninnar. Með slíku samráði skulu samningsaðilarnir stefna að því að tryggja að viðhaldið verði almennu stigi skuldbindinga sem aðilar hafa gagnkvæman hag af og eru ekki óhagstæðari fyrir viðskipti en þær sem kveðið var á um í skránni yfir sérstakar skuldbindingar áður en samráðið hófst. Breytingar á skrá eru með fyrirvara um þá málsmeðferð sem fjallað er um í 10.1. gr. (Sameiginlega nefndin) og gr. 12.2 (Breytingar).

GR. 3.20

***Endurskoðun.***

Í því skyni að auka enn frekar frelsi í þjónustuviðskiptum sín á milli skulu samningsaðilarnir endurskoða með reglubundnum hætti skrár sínar yfir sérstakar skuldbindingar og skrár yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar, einkum með tilliti til sjálfstæðra ráðstafana til að auka frelsi og til yfirstandandi starfs á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Fyrsta endurskoðun af því tagi skal fara fram eigi síðar en þremur árum eftir að samningur þessi öðlast gildi.

GR. 3.21

***Viðaukar.***

Eftirfarandi viðaukar eru óaðskiljanlegur hluti þessa kafla:

- a) VIII. viðauki (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar),
- b) IX. viðauki (Skrár yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar),
- c) XIV. viðauki (Fjármálaþjónusta),
- d) XI. viðauki (Fjarskiptaþjónusta) og
- e) XII. viðauki (För einstaklinga) og
- f) XIII. viðauki (Flutningar á sjó og tengd þjónusta).



## 4. KAFLI

### STOFNSETNING

#### GR. 4.1

##### *Gildissvið og umfang.*

1. Þessi kafli gildir um viðskiptanærveru á öllum sviðum, að undanskildum þjónustusviðum eins og fram kemur í gr. 3.1 (Gildissvið og umfang).<sup>5</sup>
2. Þessi kafli hefur ekki áhrif á túlkun eða beitingu annarra alþjóðasamninga sem varða fjárfestingar eða skattlagningu sem eitt eða fleiri EFTA-ríki og Lýðveldið Moldóva eru aðilar að.

#### GR. 4.2

##### *Skilgreiningar.*

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „lögaðili“: lögaðili sem er, á viðeigandi hátt, stofnaður eða skipulagður með öðrum hætti samkvæmt innlendum lögum og reglum samningsaðila, í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem hann er í einkaeign eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, einstaklingsfyrirtæki eða samtök,
- b) „lögaðili samningsaðila“: lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður með öðrum hætti samkvæmt innlendum lögum og reglum samningsaðila og stundar umtalsverð viðskipti hjá þeim samningsaðila,
- c) „einstaklingur“: einstaklingur sem er ríkisborgari eða hefur fasta búsetu hjá samningsaðila í samræmi við innlend lög og reglur,
- d) „viðskiptanærvera“ merkir hvers konar viðskiptastarfsemi, meðal annars með:
  - i. stofnun, kaupum á eða áframhaldandi rekstri lögaðila eða
  - ii. stofnun eða áframhaldandi rekstri útibús eða umboðsskrifstofu á yfirráðasvæði annars samningsaðila í því skyni að stunda atvinnustarfsemi.

---

<sup>5</sup> Litið er svo á að þjónusta sem er sérstaklega undanþegin gildissviði 3. kafla (Þjónustuviðskipti) falli ekki innan gildissviðs þessa kafla.

#### GR. 4.3

##### ***Innlend meðferð.***

Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um gr. 4.4 (Fyrirvarar) og með þeim fyrirvörum sem settir eru fram í XIV. viðauka (Skrá yfir fyrirvara), veita lögaðilum og einstaklingum annars samningsaðila og viðskiptanærveru slíkra aðila eigi óhagstæðari meðferð en hann veitir, í sambærilegum aðstæðum, eigin lögaðilum og einstaklingum og viðskiptanærveru slíkra aðila.

#### GR. 4.4

##### ***Fyrirvarar.***

1. Ákvæði gr. 4.3 (Innlend meðferð) gilda ekki um:
  - a) fyrirvara í XIV. viðauka (Skrá yfir fyrirvara),
  - b) breytingu á fyrirvara, sem um getur í a-lið, að því marki sem breytingin rýrir ekki samræmi fyrirvarans við gr. 4.3 (Innlend meðferð) og
  - c) nýjan fyrirvara sem samningsaðili samþykkir og er felldur inn í XIV. viðauka (Skrá yfir fyrirvara) og sem hefur ekki áhrif á heildarskuldbindingar þess samningsaðila samkvæmt samningi þessum; að því marki sem slíkir fyrirvarar samrýmast ekki gr. 4.3 (Innlend meðferð).
2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig, sem hluta af endurskoðuninni sem kveðið er á um í gr. 4.12 (Endurskoðun), til að endurskoða fyrirvarana sem settir eru fram í XIV. viðauka (Skrá yfir fyrirvara) a.m.k. þriðja hvert ár með það í huga að draga úr eða fjarlægja slíka fyrirvara.
3. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt, annaðhvort að beiðni annars samningsaðila eða einhliða, að afnema, í heild eða að hluta, fyrirvara sína, sem eru settir fram í XIV. viðauka (Skrá yfir fyrirvara), með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna.
4. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt að fella nýjan fyrirvara inn í XIV. viðauka (Skrá yfir fyrirvara), í samræmi við c-lið 1. undirgr., með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna. Annar samningsaðili getur, þegar hann tekur við þess háttar skriflegri tilkynningu, farið fram á samráð um fyrirvarann. Samningsaðilinn, sem fellir inn nýja fyrirvarann, skal hefja samráð við samningsaðilann sem fer fram á það jafnskjótt og hann veitir samráðsbeiðninni viðtöku.

#### GR. 4.5

##### ***Lykilstarfsmenn.***

1. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um eigin lög og reglur, veita einstaklingum annars samningsaðila og lykilstarfsmönnum, sem starfa hjá einstaklingum eða lögaðilum annars samningsaðila, leyfi til komu og tímabundinnar dvalar á yfirráðasvæði sínu í því skyni að stunda starfsemi sem tengist viðskiptanærveru, m.a. veita ráðgjöf eða mikilvæga tækniþjónustu.

2. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um eigin lög og reglur, heimila einstaklingum eða lögaðilum annars samningsaðila, ásamt viðskiptanærveru þeirra, að ráða til sín, í tengslum við viðskiptanærveruna og að eigin vali þess einstaklings eða lögaðila, lykilstarfsmenn óháð þjóðerni og ríkisfangi, að því tilskildu að þessum lykilstarfsmönnum hafi verið heimiluð koma, dvöl og atvinna á yfirráðasvæði hans og að viðkomandi starf sé í samræmi við þá skilmála, skilyrði og tímamörk sem felast í þeirri heimild sem er veitt fyrirnefndum lykilstarfsmönnum.

3. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um eigin lög og reglur, veita maka og ólögráða börnum einstaklings, sem fengið hefur tímabundið leyfi til komu, dvalar og til að stunda atvinnu í samræmi við 1. og 2. mgr., leyfi til komu og tímabundinnar dvalar og útvega þeim nauðsynleg staðfestingarskjöl. Maka og ólögráða börnum skal veitt leyfi til sama tíma og dvöl fyrirnefnds einstaklings varir.

#### GR. 4.6

##### ***Réttur til reglusetningar.***

1. Samningsaðila er heimilt, með fyrirvara um þennan kafla, að samþykka, viðhalda eða framfylgja, án mismununar, hverri þeirri ráðstöfun sem þjónar almannahagsmunum, m.a. ráðstöfunum til að koma til móts við heilsufars-, öryggis- eða umhverfissjónarmið eða eðlilegum varúðarráðstöfunum.

2. Samningsaðili skal ekki falla eða víkja að öðru leyti frá, eða bjóðast til að falla eða víkja að öðru leyti frá, ráðstöfunum til að koma til móts við heilsufars-, öryggis- eða umhverfissjónarmið í því skyni að hvetja til þess að stofnað verði til viðskiptanærveru aðila frá öðrum samningsaðila eða aðila sem stendur utan samningsins, að hennar sé aflað, hún færð út eða henni viðhaldið á yfirráðasvæði hans.

#### GR. 4.7

##### ***Gagnsæi.***

1. Lög, reglur, ákvarðanir dómstóla og stjórnarsýsluúrskurði, sem hafa almennt gildi og samningsaðili framfylgir, svo og gildandi samninga milli samningsaðila, sem hafa áhrif á mál sem þessi kafla tekur til, skal birta án tafar með þeim hætti að samningsaðilarnir og lögaðilar og einstaklingar þeirra geti kynnt sér efni þeirra.

2. Ekkert í þessari grein leggur samningsaðila þær skyldur á herðar að veita upplýsingar sem eru trúnaðarmál ef slíkt hindraði framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstætt almannahagsmunum eða ef það skaðaði lögmæta viðskiptahagsmuni lögaðila eða einstaklings.

#### GR. 4.8

##### ***Greiðslur og yfirfærslur.***

1. Að frátöldum þeim aðstæðum sem fyrirséðar eru í gr. 4.9 (Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð) skal samningsaðili ekki setja takmarkanir á gengar greiðslur og fjármagnsflutninga í tengslum við starfsemi á grundvelli viðskiptanærveru sem ekki er á þjónustusviði.
2. Ekkert í þessum kafla skal hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt greinum samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, m.a. ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við greinar þess samnings, að því tilskildu að samningsaðili setji ekki takmarkanir á fjármagnsviðskipti sem samrýmast ekki skyldum hans samkvæmt þessum kafla.

#### GR. 4.9

##### ***Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.***

1. Samningsaðilarnir skulu reyna að komast hjá því að leggja á takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.
2. Að því er þennan kafla varðar gilda 1.–3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins og eru hér með felldar inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.
3. Samningsaðili, sem samþykkir eða viðheldur slíkum takmörkunum, skal þegar í stað tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

#### GR. 4.10

##### ***Almennar undantekningar.***

Að því er þennan kafla varðar gildir XIV. gr. GATS-samningsins og er hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.

#### GR. 4.11

##### ***Undantekningar af öryggisástæðum.***

Að því er þennan kafla varðar gildir 1. mgr. XIV. gr. a í GATS-samningnum og er hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.

GR. 4.12

***Endurskoðun.***

Þennan kafla skal endurskoða reglulega innan sameiginlegu nefndarinnar með hliðsjón af möguleikanum á því að þróa skuldbindingar samningsaðilanna enn frekar.

## 5. KAFLI

### RAFRÆN VIÐSKIPTI

#### GR. 5.1

#### *Skilgreiningar.*

1. Í þessum kafla gildir gr. 3.3 (Skilgreiningar).
2. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
  - a) „rafræn undirskrift“: gögn á rafrænu formi sem eru tengd við eða rökrænt vensluð við önnur gögn á rafrænu formi og undirritandi notar til sannvottunar,
  - b) „sending með rafrænum sendingum“: sendingar á rafrænum gögnum yfir netið,
  - c) „rafræn traustþjónusta“: rafræn þjónusta sem samanstendur af:
    - i. myndun, sannprófun og staðfestingu rafrænna undirskrifa, rafrænna innsigla, rafrænna tímastimpla, rekjanlegrar rafrænnar afhendingarþjónustu og vottorða sem tengjast þessari þjónustu,
    - ii. myndun, sannprófun og staðfestingu vottorða fyrir sannvottun vefsetra eða
    - iii. varðveislu rafrænna undirskrifa, innsigla, rafrænna innsigla eða vottorða sem tengjast þessari þjónustu,
  - d) „endanlegur notandi“: notandi sem býður ekki upp á almenn fjarskiptanet eða rafræna fjarskiptaþjónustu sem er aðgengileg öllum,
  - e) „markaðseftirlit“: starfsemi sem opinber yfirvöld annast og þær ráðstafanir sem þau gera til að tryggja að vörur uppfylli skilyrði gildandi innlendra laga og reglna og skapi ekki hættu fyrir heilbrigði, öryggi né aðra þætti er varða vernd almannahagsmuna,
  - f) „markaðseftirlitsyfirvald“: yfirvald sem ber ábyrgð á markaðseftirliti,
  - g) „persónuupplýsingar“ : upplýsingar sem varða persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling,
  - h) „vinnsla persónuupplýsinga“: aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, s.s. söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir

til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging,

- i) „stjórnsýsluskjöl á sviði viðskipta“: skjöl, eyðublöð eða aðrar upplýsingar, þ.m.t. á rafrænu sniði, eins og krafist er í innlendum lögum samningsaðila um viðskipti,
- j) „óumbeðnar rafrænar viðskiptaorðsendingar“: rafrænar orðsendingar sem notaðar eru í viðskiptalegum tilgangi án samþykkis viðtakanda eða gegn afdráttarlausri synjun viðtakanda.

#### GR. 5.2

##### *Gildissvið.*

1. Þessi kafli gildir um ráðstafanir samningsaðilanna sem hafa áhrif á viðskipti sem fram fara með rafrænum hætti.
2. Ef þessi kafli stangast á við X. viðauka (Fjármálaþjónusta) skal X. viðauki (Fjármálaþjónusta) ganga framur að því marki sem ósamræmis gætir.
3. Þessi kafli gildir ekki um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu.

#### GR. 5.3

##### *Almenn ákvæði.*

Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir:

- a) þeim hagvexti og tækifærum sem felast í rafrænum viðskiptum með vörur og þjónustu, einkum fyrir fyrirtæki og neytendur, auk möguleikans á að efla alþjóðaviðskipti,
- b) mikilvægi þess að forðast hindranir við notkun og þróun á rafrænum viðskiptum með vörur og þjónustu og
- c) að nauðsynlegt er að skapa umhverfi þar sem ríkir traust og tiltrú á og öryggi í rafrænum viðskiptum, einkum að:
  - i. vernda friðhelgi einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga,
  - ii. vernda einstakar skrár og reikninga með trúnaðarkvöðum og viðskiptaleyndarmál,
  - iii. gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir og berjast gegn villandi og sviksamlegum viðskiptaháttum eða bregðast við vanefndum á þjónustusamningum og
  - iv. gera ráðstafanir gegn óumbeðnum rafrænum viðskiptaorðsendingum.

#### GR. 5.4

##### ***Réttur til reglusetningar.***

Samningsaðilarnir ítreka réttinn til reglusetningar á sviði rafrænna viðskipta í samræmi við þennan kafla til að ná fram lögmætum stefnumiðum.

#### GR. 5.5

##### ***Tollur<sup>6</sup>.***

1. Samningsaðili skal ekki leggja tolla á rafrænar sendingar.
2. Til að taka af vafa skal 1. mgr. ekki koma í veg fyrir að samningsaðili leggi á innlenda skatta, gjöld eða aðrar álögur á rafrænar sendingar, að því tilskildu að þau séu lögð á í samræmi við þennan samning.

#### GR. 5.6

##### ***Rafræn sannvottun, traustþjónusta og samningar með rafrænum aðferðum.***

1. Samningsaðili skal ekki hafna því að rafrænt skjal, rafræn undirskrift, rafrænt innsigli, rafrænn tímastimpill, eða gögn sem send eru og móttekin með rekjanlegri rafrænni afhendingarþjónustu fái réttaráhrif og séu viðurkennd sem sönnunargögn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að þjónustan er á rafrænu formi.
2. Samningsaðili skal ekki samþykkja eða viðhalda ráðstöfunum sem myndu:
  - a) banna aðilum að rafrænum viðskiptum að ákvarða með gagnkvæmum hætti viðeigandi aðferðir við rafræna sannvottun viðskipta þeirra eða
  - b) koma í veg fyrir að aðilar að rafrænum viðskiptum geti sannað fyrir dómsyfirvöldum eða stjórnvöldum að notkun rafrænnar sannvottunar eða rafrænnar traustþjónustu í þeim viðskiptum sé í samræmi við viðeigandi lagaskilyrði.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. getur sérhver samningsaðili farið fram á að fyrir tiltekinn flokk viðskipta sé aðferð við rafræna sannvottun eða traustþjónustu er annaðhvort vottuð af yfirvaldi, sem er viðurkennt í samræmi við lög hans og reglur, eða að aðferðin uppfylli tilteknar kröfur um nothæfi sem skulu vera hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar og aðeins tengjast sértækum einkennum viðkomandi flokks viðskipta.
4. Að því marki sem kveðið er á um í innlendum lögum og reglum samningsaðila í tengslum við tilteknar tegundir samninga skal samningsaðili ekki hafna því að samninga megí gera með rafrænum hætti.

---

<sup>6</sup> Litið er svo á að „tollar“ merki innflutnings- og útflutningstollar.



5. Sérhver samningsaðili skal tryggja að innlend lög hans og reglur svipti ekki rafræna samninga réttaráhrifum og gildi af þeirri ástæðu einni að samningar hafi verið gerðir með rafrænum hætti.

#### GR. 5.7

##### ***Stjórnsýsla á sviði pappírslausra viðskipta.***

1. Sérhver samningsaðili skal gera öll stjórnsýsluskjöl á sviði viðskipta aðgengileg öllum á rafrænu formi.
2. Sérhver samningsaðili skal samþykkja rafrænar útgáfur stjórnsýsluskjala á sviði viðskipta sem lögleg jafngildi skjala í pappírútgáfu nema þegar:
  - a) kveðið er á um annað í innlendum eða alþjóðlegum lagaskilyrðum eða
  - b) slíkt myndi draga úr skilvirkni stjórnsýslumeðferðar á sviði viðskipta.

#### GR. 5.8

##### ***Opinn aðgangur að netinu.***

Með fyrirvara um viðeigandi innlend lög og reglur ætti sérhver samningsaðili að samþykkja eða viðhalda viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja að endanlegir notendur á yfirráðasvæði hans geti:

- a) fengið aðgang að, dreift og notað þjónustu og hugbúnað að eigin vali sem er tiltækur yfir netið, með fyrirvara um réttmæta netumsjón án mismununar,
- b) tengt tæki að eigin vali við netið, að því tilskildu að slík tæki uppfylli kröfurnar á því yfirráðasvæði þar sem þau eru notuð og skaði ekki netkerfið og
- c) fengið aðgang að upplýsingum um netumsjónarvenjur þjónustuveitanda síns sem veitir aðgang að netinu.

#### GR. 5.9

##### ***Traust neytenda á netinu.***

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja eða viðhalda ráðstöfunum til að tryggja haldgóða vernd neytenda sem stunda rafræn viðskipti, þ.m.t., en þó ekki einvörðungu, ráðstafanir sem:
  - a) banna svíksamlega og villandi viðskiptahætti,
  - b) krefjast þess að þeir sem bjóða fram vöru og þjónustu geri það í góðri trú og fylgi góðum viðskiptaháttum, þ.m.t. með banni við því að krefja neytendur um gjald fyrir óumbeðnar vörur og þjónustu,

- c) krefjast þess að þeir sem bjóða vöru og þjónustu láti neytendum í té skýrar og ítarlegar upplýsingar um deili á sér og samskiptaupplýsingar sínar,<sup>7</sup> auk upplýsinga um vörur og þjónustu, viðskiptin og gildandi neytendaréttindi, og
- d) veita neytendum aðgang að leiðum til úrlausnar til að sækja rétt sinn, m.a. réttarúrræðum í tilvikum þar sem vörur eða þjónusta eru greiddar en ekki afhentar eða látnar í té eins og um var samið.

2. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að fela neytendaverndarstofnunum sínum eða öðrum viðeigandi aðilum fullnægjandi framkvæmdarheimildir og mikilvægi samstarfs milli stofnana þeirra við framkvæmd innlendra laga og reglna hvers þeirra um sig sem tengjast neytendavernd og trausti neytenda á netinu.

3. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að stuðla að skilvirkum stefnurömmum sem varða öryggi neysluvara.

#### GR. 5.10

##### *Óumbeðnar rafrænar viðskiptaorðsendingar.*

1. Til að vernda notendur með skilvirkum hætti fyrir óumbeðnum rafrænum viðskiptaorðsendingum skal sérhver samningsaðili samþykkja eða viðhalda ráðstöfunum sem:

- a) krefjast þess að sendendur óumbeðinna rafrænna viðskiptaorðsendinga geri viðtakendum kleift að stöðva sendingu slíkra orðsendinga og
- b) krefjast samþykkis, eins og tilgreint er samkvæmt lögum og reglum sérhvers samningsaðila, viðtakenda fyrir því að taka við rafrænum viðskiptaorðsendingum.

2. Sérhver samningsaðili skal sjá fyrir leiðum til að viðkomandi geti leitað réttar síns gagnvart sendendum óumbeðinna rafrænna viðskiptaorðsendinga sem fylgja ekki ráðstöfunum sínum sem komið er til framkvæmda skv. 1. mgr.

#### GR. 5.11

##### *Gagnaflæði yfir landamæri.*

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að tryggja gagnaflæði yfir landamæri til að liðka fyrir stafrænum viðskiptum. Í því skyni skal ekki takmarka gagnaflæði yfir landamæri milli samningsaðilanna með því að:<sup>8</sup>

- a) krefjast notkunar á tölvubúnaði eða netþáttum á yfirráðasvæði samningsaðilans vegna vinnslu, þ.m.t. krefjast notkunar á tölvubúnaði eða netþáttum sem eru

---

<sup>7</sup> Þegar um er að ræða veitendur millistigsþjónustu tekur þetta einnig til auðkennis og samskiptaupplýsinga raunverulegs afhendingaraðila vörunnar og þjónustunnar.

<sup>8</sup> Að því er varðar fjármálaþjónustu gildir þetta ákvæði svo lengi sem fjármálaeftirlitsyfirvöld hafa aðgang að nauðsynlegum gögnum til að sinna eftirlitshlutverki sínu.

vottuð eða samþykkt á yferráðasvæði samningsaðilans,

- b) krefjast staðsetningar gagna á yferráðasvæði samningsaðilans vegna geymslu eða vinnslu,
- c) banna geymslu eða vinnslu á yferráðasvæði hins samningsaðilans eða
- d) gera flutning gagna yfir landamæri háðan notkun á tölvubúnaði eða netþáttum á yferráðasvæði samningsaðilans eða staðsetningarkröfum á yferráðasvæði samningsaðilans.

2. Á milli Noregs og Lýðveldisins Moldóvu skal ekki túlka neitt í þessari grein á þann hátt að það komi í veg fyrir að Noregur eða Lýðveldið Moldóva grípi til aðgerða sem það telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína.

3. Samningsaðilarnir skulu endurskoða í sameiginlegu nefndinni framkvæmd þessarar greinar og meta beitingu hennar. Fyrsta endurskoðun af því tagi skal fara fram eigi síðar en þremur árum eftir að samningur þessi öðlast gildi.

#### GR. 5.12

##### ***Rafrænar greiðslur og reikningagerð.***

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir lykilhlutverki rafrænna greiðslna í því að gera rafræn viðskipti möguleg og hröðum vexti rafrænna greiðslna. Samningsaðilarnir samþykkja að styðja við þróun skilvirkra, öruggra og áreiðanlegra rafrænna greiðslna yfir landamæri með því að efla innleiðingu og notkun alþjóðlega viðurkenndra staðla, stuðla að samvirkni og samtengingu greiðsluinnviða og hvetja til gagnlegrar nýsköpunar og samkeppni í vistkerfi greiðsluþjónustu.

2. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi rafrænna reikninga sem auka skilvirkni, nákvæmni og áreiðanleika viðskipta og samþykkja að stuðla að samþykkt samvirkandi kerfa fyrir rafræna reikningagerð.

3. Samningsaðilarnir skulu styðja við og greiða fyrir því að fyrirtæki samþykki rafræna reikninga. Í þessu skyni skulu samningsaðilarnir leitast við að:

- a) stuðla að því að komið verði á fót grunnvirkjum sem styðja við rafræna reikningagerð og
- b) efla vitund um og byggja upp getu til rafrænnar reikningagerðar.

#### GR. 5.13

##### ***Vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs.***

1. Samningsaðilarnir viðurkenna að vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs eru grundvallarréttindi og að strangar kröfur á þessu sviði stuðla að þróun stafrænna viðskipta og trausti á þeim.

2. Sérhver samningsaðili skal samþykkja eða viðhalda verndarráðstöfunum sem hann telur viðeigandi til að tryggja öfluga vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs, þ.m.t. með samþykkt og beitingu reglna um miðlun persónuupplýsinga yfir landamæri. Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á þá vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs sem felst í verndarráðstöfunum sérhvers samningsaðila.

3. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum um hvers kyns verndarráðstafanir sem þeir samþykkja eða viðhalda skv. 2. mgr.

#### GR. 5.14

##### *Flutningur á eða aðgangur að frumkóða.*

1. Samningsaðili skal ekki krefjast þess að frumkóði hugbúnaðar eða hlutar hans séu framseldir eða aðgangur veittur að slíkum kóða sem er í eigu einstaklings eða lögaðila annars samningsaðila.

2. Þessi grein gildir ekki um:

- a) kröfur af hálfu dómstóls eða stjórnarsýsludómstóls,
- b) hugverkarétt, vernd hans og framfylgd,
- c) samkeppnislög og framkvæmd þeirra,
- d) rétt samningsaðila til að gera ráðstafanir í samræmi við 7. kafla (Opinber innkaup),
- e) kröfur markaðseftirlitsyfirvalda til að sannreyna að vörur og þjónusta séu í samræmi við lagaskilyrði eða
- f) það þegar einstaklingur eða lögaðili samningsaðila flytur að eigin frumkvæði eða veitir aðgang að frumkóða á viðskiptagrundvelli.

#### GR. 5.15

##### *Samstarf um rafræn viðskipti.*

1. Samningsaðilarnir geta tekið þátt í skoðanaskiptum um stjórnarsýsluleg úrlausnarefni sem upp koma í tengslum við rafræn viðskipti og gætu m.a. tekið á eftirfarandi úrlausnarefnum:

- a) bótaábyrgð veitenda millistigsþjónustu að því er varðar sendingu og geymslu upplýsinga,
- b) meðhöndlun óumbeðinna rafrænna viðskiptaorðsendinga,
- c) samvirkni grunnvirkja, s.s. öruggri rafrænni sannvottun og greiðslum,
- d) neytendavernd og
- e) öðrum atriðum sem varða þróun rafrænna viðskipta.

2. Slík skoðanaskipti geta falið í sér skipti á upplýsingum um innlend lög og reglur samningsaðilanna um þessi málefni, eftir því sem við á, og um framkvæmd slíkra innlendra laga og reglna.

GR. 5.16

*Almennar undantekningar.*

Að því er þennan kafla varðar gilda XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og XIV. gr. GATS-samningsins og eru hér með felldar inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

GR. 5.17

*Undantekningar af öryggisástæðum.*

Að því er þennan kafla varðar gilda XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og XIV. gr. GATS-samningsins og eru hér með felldar inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

## 6. KAFLI

### VERND HUGVERKA

#### GR. 6.1

##### *Vernd hugverka.*

1. Samningsaðilarnir skulu veita og tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar og gera ráð fyrir ráðstöfunum til að framfylgja þeim réttindum gegn brotum á þeim, m.a. fölsun og ólöglegri nýtingu, í samræmi við þennan kafla og XV. viðauka (Vernd hugverka) og þá alþjóðasamninga sem þar er getið.
2. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum hvers annars óhagstæðari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skyldu skulu vera í samræmi við efnisákvæði 3. og 5. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „TRIPS-samningurinn“).
3. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum hver annars óhagstæðari meðferð en veitt er ríkisborgurum aðila sem stendur utan samningsins. Ef samningsaðili gerir viðskiptasamning, sem felur í sér ákvæði um vernd hugverkaréttinda, við aðila utan þessa samnings, sem tilkynnt er um skv. XXIV. gr. GATT-samningsins frá 1994, skal hann tilkynna hinum samningsaðilunum um það án tafar og ekki veita þeim óhagstæðari meðferð en hann veitir samkvæmt slíkum samningi. Samningsaðili sem gerir slíkan samning skal, að fram kominni beiðni frá öðrum samningsaðila, semja um að fella inn í þennan samning ákvæði um að veita ekki óhagstæðari meðferð en veitt er samkvæmt þeim samningi. Undanþágur frá þessari skyldu skulu vera í samræmi við efnisákvæði TRIPS-samningsins, einkum 4. og 5. gr. hans.
4. Sameiginlega nefndin skal, að beiðni samningsaðila, endurskoða þennan kafla og XV. viðauka (Vernd hugverka) með það í huga að auka enn frekar vernd og forðast eða ráða bót á röskun í viðskiptum sem stafar af núverandi vernd hugverkaréttinda.

## 7. KAFLI

### OPINBER INNKAUP

#### GR. 7.1

##### *Gildissvið og umfang.*

1. Endurskoðaður samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup frá 2012 á við og er hér með felldur inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Í þessum kafla merkir „innkaup sem falla undir samning þennan“ innkaup í samræmi við II. gr. samningsins um opinber innkaup og auk þess sérleyfissamninga um verk eins og skilgreint er í XVI. gr. (Opinber innkaup).
3. Samningsaðilarnir skulu starfa saman í sameiginlegu nefndinni með það að markmiði að auka skilning á opinberum innkaupakerfum hvers um sig og ná fram auknu frelsi og gagnkvæmri opnun markaða fyrir opinber innkaup.

#### GR. 7.2

##### *Upplýsingaskipti.*

Til að auðvelda samskipti milli samningsaðilanna um opinber innkaup eru tilgreindir tengiliðir í 2. viðbæti XVI. viðauka (Opinber innkaup) sem skulu, sé þess óskað, veita upplýsingar um innlend lög, reglur og starfshætti samningsaðilanna á sviði opinberra innkaupa.

#### GR. 7.3

##### *Sjálfbær opinber innkaup.*

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að stuðla að sjálfbærum opinberum innkaupum á efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum sviðum þeirra til að stuðla að eðlilegri samkeppni og sjálfbærum hagvexti.
2. Sérhver samningsaðili skal heimila innkaupastofnunum að taka tillit til umhverfissjónarmiða, vinnutengdra og félagslegra sjónarmiða í öllu innkaupaferlinu, að því tilskildu að þau séu án mismununar og þeim sé ekki beitt þannig að þau leiði til mismununar.
3. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skyldur hans samkvæmt lögum og reglum á sviði umhverfismála, félagslegra málefna og vinnutengdra málefna séu virtar, þ.m.t. þær sem komið er á skv. 9. kafla (Viðskipti og sjálfbær þróun).

#### GR. 7.4

##### ***Litlum og meðalstórum fyrirtækjum auðvelduð þátttaka.***

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir þýðingu framlags lítilla og meðalstórra fyrirtækja til hagvaxtar og atvinnu og mikilvægi þess að auðvelða þeim þátttöku í opinberum innkaupum.
2. Samningsaðili skal, að beiðni annars samningsaðila, veita upplýsingar um ráðstafanir sínar sem miða að því að stuðla að, hvetja til og auðvelða þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinberum innkaupum, séu þær fyrir hendi.
3. Í því skyni að auðvelða litlum og meðalstórum fyrirtækjum þátttöku í opinberum innkaupum skal sérhver samningsaðili, eftir því sem kostur er og ef við á:
  - a) deila upplýsingum og bestu starfsvenjum í tengslum við þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinberum innkaupum,
  - b) hafa öll útboðsgögn endurgjaldslaus og
  - c) stunda starfsemi sem miðar að því að auðvelða þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinberum innkaupum.

#### GR. 7.5

##### ***Frekari samningaviðræður.***

Ef samningsaðili veitir, eftir gildistöku þessa samnings, aukinn ávinning að því er varðar aðgang að mörkuðum sínum fyrir opinber innkaup til aðila sem stendur utan samningsins skal hann, að beiðni annars samningsaðila, hefja samningaviðræður með það í huga að færa þennan ávinning út þannig að hann nái til þess samningsaðila á gagnkvæmum grundvelli.



## 8. KAFLI

### SAMKEPPNI

#### GR. 8.1

##### *Samkeppnisreglur.*

1. Eftirfarandi starfshættir fyrirtækja samrýmast ekki réttri framkvæmd samnings þessa að svo miklu leyti sem þeir kunna að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna:

- a) samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja sem miða að því eða verða þess valdandi að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni og
- b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu á yfiráðasvæði samningsaðila í heild eða á verulegum hluta þess.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttar, sem samningsaðilarnir veita þeim, svo fremi beiting fyrrnefndra ákvæða hindri ekki, að lögum eða í reynd, framkvæmd þeirra tilteknu opinberra verkefna sem þeim hafa verið falin.

3. Þessi kafli skal vera með fyrirvara um sjálfræði sérhvers samningsaðila til að þróa, viðhalda og framfylgja eigin samkeppnislögum og -reglum.

4. Þessa grein skal ekki túlka þannig að hún skapi beinar skyldur fyrir fyrirtæki.

#### GR. 8.2

##### *Samstarf.*

1. Samningsaðilarnir skulu vinna saman og hafa samráð þegar þeir fást við samkeppnishamlandi starfshætti, eins og um getur í 1. mgr. í gr. 8.1 (Samkeppnisreglur), með það að markmiði að stöðva slíka starfshætti eða skaðleg áhrif þeirra á viðskipti.

2. Samstarf getur falist í skiptum á viðeigandi upplýsingum sem samningsaðilunum eru tiltækar. Þess er ekki krafist að samningsaðili veiti upplýsingar sem eru bundnar trúnaði samkvæmt lögum hans og reglum.

#### GR. 8.3

##### *Samráð.*

1. Telji samningsaðili að tilteknir starfshættir hafi áfram áhrif á viðskipti, í skilningi 1. mgr. gr. 8.1 (Samkeppnisreglur), að lokinni samvinnu eða samráði í samræmi við 2. mgr. 8. gr. (Samvinna) getur hann óskað eftir samráði í sameiginlegu nefndinni.

2. Viðkomandi samningsaðilar skulu veita sameiginlegu nefndinni allan stuðning og tiltækar upplýsingar til að rannsaka málið og, þar sem það á við, binda enda á athæfið sem er andmælt.

3. Sameiginlega nefndin skal, innan 60 daga frá viðtöku beiðninnar, kanna þær upplýsingar sem eru veittar í þeim tilgangi að greiða fyrir lausn sem gagnkvæm sátt er um.

GR. 8.4

***Lausn deilumála.***

Samningsaðili getur ekki nýtt sér 11. kafla (Lausn deilumála) vegna mála sem rísa samkvæmt þessum kafla.

## 9. KAFLI

### VIÐSKIPTI OG SJÁLFBÆR PRÓUN

#### GR. 9.1

##### *Samhengi og markmið.*

1. Samningsaðilarnir minnst Stokkhólmsyfirlýsingarinnar um umhverfi mannsins frá 1972, Ríóyfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun frá 1992, framkvæmdaáætlunar 21 um umhverfi og þróun frá 1992, Jóhannesarborgaráætlunarinnar um sjálfbæra þróun frá 2022, yfirlýsingar Alþjóðavinnuáætlunarinnar um grundvallarviðmið og -réttindi við vinnu (1998), eins og henni var breytt 2022, ráðherraýfirlýsingar efnahags- og félagsmálaráðs SP um atvinnu fyrir alla og mannsæmandi störf frá 2006, yfirlýsingar Alþjóðavinnuáætlunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar (2008), eins og henni var breytt 2022, niðurstöðuskýrslu Ríó+20-ráðstefnunnar „Sú framtíð sem við óskum okkur“ frá 2012 og áætlunar SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030 frá 2015.
2. Samningsaðilarnir skulu stuðla að sjálfbærri þróun sem nær til efnahagsþróunar, félagslegrar þróunar og umhverfisverndar, þar sem allir þrír þættirnir eru háðir hver öðrum og styrkja hver annan á gagnkvæman hátt. Þeir leggja áherslu á þann ávinning sem felst í samstarfi um viðskipta- og fjárfestingartengd vinnu- og umhverfismál sem liðar í heildrænni aðkomu að viðskiptum og sjálfbærri þróun.
3. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að stuðla að þróun alþjóðaviðskipta og fjárfestinga og stuðla að efnahagstengslum sínum milli sem veita fríðindi þannig að allir hafi ávinning af því og það stuðli að sjálfbærri þróun.

#### GR. 9.2

##### *Réttur til reglusetningar og verndarstig.*

1. Um leið og viðurkenndur er réttur sérhvers samningsaðila, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings, til að ákveða umfang umhverfis- og vinnuverndar sinnar og til að samþykkja eða breyta til samræmis við það viðeigandi lögum sínum, stefnumálum og starfsháttum skal sérhver samningsaðili leitast við að tryggja að í lögum hans, stefnumálum og starfsháttum sé kveðið á um og hvatt til öflugrar umhverfis- og vinnuverndar í samræmi við staðla, meginreglur og samninga sem um getur í þessum kafla. Sérhver samningsaðili skal kappkosta að bæta enn frekar verndina sem kveðið er á um í þessum lögum, stefnumálum og starfsvenjum.
2. Við undirbúning og framkvæmd ráðstafana sem tengjast umhverfis- eða vinnuskilyrðum sem hafa áhrif á viðskipti eða fjárfestingar milli samningsaðila skulu þeir hafa hliðsjón af fyrirbyggjandi vísindalegum, tæknilegum og öðrum upplýsingum og viðeigandi alþjóðlegum stöðlum, viðmiðunarreglum og tilmælum.

### GR. 9.3

#### ***Viðhald verndar við beitingu og framfylgd laga, reglna eða staðla.***

1. Samningsaðili skal ekki bregðast í því að framfylgja með virkum hætti lögum sínum, reglum eða stöðlum á sviði umhverfis- og vinnumála þannig að það hafi áhrif á viðskipti eða fjárfestingar milli samningsaðilanna.
2. Samningsaðili skal ekki veikja eða draga úr þeirri umhverfis- eða vinnuvernd sem kveðið er á um í lögum hans, reglum eða stöðlum í þeim eina tilgangi að ná samkeppnisforskoti framleiðenda eða þjónustuveitenda sem starfa hjá honum eða hvetja á annan hátt til viðskipta eða fjárfestinga.
3. Samningsaðili skal ekki fella eða bjóðast til að fella úr gildi eða víkja frá með öðrum hætti innlendum lögum sínum, reglum eða stöðlum í þeim tilgangi að hvetja til fjárfestinga frá öðrum samningsaðila eða leita eftir samkeppnisforskoti framleiðenda eða þjónustuveitenda sem stunda rekstur hjá þeim samningsaðila.

### GR. 9.4

#### ***Alþjóðlegar reglur og samningar á sviði vinnumála.***

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að stuðla að þróun alþjóðaviðskipta og fjárfestinga með þeim hætti að það stuðli að fullri og arðbærri atvinnu og mannsæmandi störfum fyrir alla.
2. Samningsaðilarnir hafa í huga þær skuldbindingar sem leiðir af aðild að Alþjóðavinnuumálastofnuninni að virða, halda fram og koma til framkvæmda meginreglum um grundvallarréttindi eins og fram kemur í yfirlýsingu Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar um grundvallarreglur og -réttindi við vinnu (1998), eins og henni var breytt 2022, nánar tiltekið um:
  - a) félagafrelsi og viðurkenningu í reynd á réttinum til að gera kjarasamninga,
  - b) útrýmingu nauðungarvinnu í hvaða mynd sem er,
  - c) afnám barnavinnu með virkum hætti,
  - d) útrýmingu mismununar með tilliti til atvinnu og starfa og
  - e) öruggt og heilbrigt vinnuumhverfi.
3. Samningsaðilarnir minnst skuldbindinga, sem leiðir af aðild að Alþjóðavinnuumálastofnuninni, um að framkvæma með skilvirkum hætti þær samþykktir Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar sem þeir hafa fullgilt og um að vinna staðfastlega áfram að því að fullgilda grunnsamþykktir Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar og tengdar bókanir, samþykktirnar um stjórnarhætti og aðrar samþykktir sem hún hefur flokkað sem uppfærðar.

4. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi skipulagsmarkmiða áætlunar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi störf, eins og þau endurspeglast í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar (2008), eins og henni var breytt 2022 (yfirlýsing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar).
5. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að:
- virða, halda fram og efla og koma til framkvæmda grundvallarreglum og -réttindum við vinnu,
  - þróa og efla ráðstafanir vegna félagslegrar verndar og mannsæmandi vinnuskilyrða fyrir alla, þ.m.t. með hliðsjón af félagslegu öryggi, starfstengdu öryggi og heilbrigði, launum og tekjum, vinnutíma og öðrum vinnuskilyrðum,
  - stuðla að skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins og þríhliða skoðanaskiptum og
  - byggja upp og viðhalda vel starfhæfu vinnueftirlitskerfi.
6. Sérhver samningsaðili skal tryggja að stjórnvísu- og dómsmeðferðir séu aðgengilegar og tiltækar til þess að unnt sé að grípa til skilvirkra aðgerða gegn brotum á vinnuréttindum sem um getur í þessum kafla.
7. Samningsaðilarnir ítreka, eins og kemur fram í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar, að ekki skuli skírskota til brota á grundvallarreglum og -réttindum við vinnu eða notfæra sér slík brot með öðrum hætti sem réttmæta hlutfallslega yfirburði og að ekki skuli nota reglur á sviði vinnumála til þessa að styðja við verndarstefnu í viðskiptum.

#### GR. 9.5

#### ***Efnahagsþróun fyrir alla og jöfn tækifæri fyrir alla.***

- Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi þess að fella inn kynjasjónarmið við eflingu efnahagsþróunar fyrir alla og að stefnur sem taka tillit til kynjasjónarmiða gegni lykilhlutverki við að efla þátttöku allra í hagkerfinu og alþjóðaviðskiptum í því skyni að ná fram sjálfbærum hagvexti.
- Sérhver samningsaðili staðfestir þær skuldbindingar sínar að innleiða með skilvirkum hætti í lög sín, stefnumál og starfshætti þá alþjóðasamninga, sem þeir eru aðilar að, sem lúta að jafnrétti kynjanna eða banni við mismunun.

#### GR. 9.6

#### ***Marghliða samningar um umhverfismál og alþjóðlegir stjórnunarhættir í umhverfismálum.***

- Samningsaðilar gera sér grein fyrir mikilvægi marghliða samninga um umhverfismál og alþjóðlegra stjórnunarháttanna í umhverfismálum sem viðbragð alþjóðasamfélagsins til að takast á við hnattrænar eða svæðisbundnar áskoranir í umhverfismálum og leggja áherslu á að nauðsynlegt er að efla gagnkvæman stuðning milli stefna á sviði viðskipta og á sviði umhverfismála.

2. Samningsaðilarnir áréttu þá skuldbindingu sína að innleiða með skilvirkum hætti í lög sín, stefnumál og starfshætti þá marghliða samninga um umhverfismál sem þeir eru aðilar að og að þeir fari að meginreglum um umhverfismál sem felast í þeim alþjóðlegu gerningum sem um getur í gr. 9.1 (Samhengi og markmið).

#### GR. 9.7

##### *Sjálfbær skógarstjórnun og tengd viðskipti.*

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að tryggja varðveislu og sjálfbæra stjórnun skóga og tengdra vistkerfa með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tapi á líffræðilegri fjölbreytni sem rekja má til skógeyðingar og hnignunar skóga, s.s. vegna landnotkunar og breyttrar landnotkunar í þágu landbúnaðar og námuvinnslu.

2. Samkvæmt 1. mgr. skuldbinda samningsaðilarnir sig til að:

- a) tryggja skilvirka framkvæmd laga og stjórnarhátta á sviði skógræktar,
- b) efla viðskipti með afurðir úr skógum sem er stjórnað með sjálfbærum hætti og tengdum vistkerfum,
- c) innleiða ráðstafanir til að berjast gegn ólöglegu skógarhöggi og stuðla að þróun og notkun stjórnækja til að tryggja lögmæti timburs þannig að tryggt verði að eingöngu verði höfð viðskipti milli samningsaðilanna með löglega fengið timbur,
- d) stuðla að skilvirkri notkun samningsins um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, einkum með tilliti til trjátegunda, og
- e) starfa saman að málefnum er lúta að varðveislu og sjálfbærri stjórnun skóga, fenjavíðar og mómýra gegnum fyrirliggjandi tvíhliða fyrirkomulag, ef við á, og á viðeigandi marghliða vettvangi sem þeir taka þátt í, einkum samstarfsverkefni SP um að draga úr losun vegna skógeyðingar og hnignunar skóga (Reducing Emissions from Deforestation and Forest Degradation (REDD+)), eins og hvatt er til í Parísarsamningnum.

#### GR. 9.8

##### *Viðskipti og loftslagsbreytingar.*

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að vinna að markmiðum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) og Parísarsamningsins í því skyni að takast á við bráða ógn af loftslagsbreytingum, og hlutverki viðskipta og fjárfestinga í því að ná þessum markmiðum.

2. Samkvæmt 1. mgr. skuldbinda samningsaðilarnir sig til að:

- a) koma rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Parísarsamningnum til framkvæmda með skilvirkum hætti,

- b) efla framlag viðskipta og fjárfestinga til umskipta yfir í hagkerfi sem einkennist af lítilli kolefnislosun og til þróunar viðnáms gegn loftslagsbreytingum og
- c) starfa saman á tvíhliða, svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi að viðskiptatengdum málefnum á sviði loftslagsbreytinga.

GR. 9.9

***Viðskipti og líffræðileg fjölbreytni.***

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að varðveita líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu hennar og hlutverki viðskipta við að ná þessum markmiðum.
2. Samkvæmt 1. mgr. skuldbinda samningsaðilarnir sig til að:
  - a) stuðla að því að dýra- og plöntutegundir verði felldar inn í viðaukana við samninginn um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES) þegar tegund er eða getur staðið frammi fyrir útrýmingarhættu,
  - b) koma til framkvæmda skilvirkum ráðstöfunum til að berjast gegn fjölpjódlegri, skipulagðri brotastarfsemi sem nær til villtra lífvera í allri virðiskeðjunni, þ.m.t. með tilliti til aðila sem eiga ekki aðild að þeim,
  - c) efla viðleitni til að koma í veg fyrir eða stýra aðflutningi og útbreiðslu ágengra framandi tegunda í tengslum við viðskiptastarfsemi og
  - d) starfa saman, þar sem við á, að málefnum er varða viðskipti og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu hennar, þ.m.t. framtakaverkefni til að draga úr eftirspurn eftir ólöglegum afurðum af villtum lífverum.

GR. 9.10

***Viðskipti og sjálfbær stjórnun fiskveiða og lagareldis.***

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að tryggja varðveislu og sjálfbæra stjórnun lifandi sjávarauðlinda og vistkerfa sjávar og hlutverki viðskipta við að ná þessum markmiðum.
2. Samkvæmt 1. mgr. skuldbinda samningsaðilarnir sig til að:
  - a) koma til framkvæmda heildstæðum, skilvirkum og gagnsæjum stefnum og ráðstöfunum til að berjast gegn ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum og stefna að því að útiloka afurðir úr slíkum veiðum úr viðskiptaflæði,
  - b) stuðla að notkun viðkomandi alþjóðlegra viðmiðunarreglna og samninga, þ.m.t. valfrjálsra viðmiðunarreglna Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um aflaskráningarkerfi,
  - c) starfa saman á tvíhliða grunni og á viðeigandi alþjóðavettvangi að baráttu gegn ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum, m.a. með því að greiða fyrir upplýsingaskiptum um ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar,

- d) ná markmiðunum sem sett eru fram í áætluninni um sjálfbæra þróun til 2030 að því er varðar styrki í sjávarútvegi, m.a. með því að banna tilteknar tegundir styrkja í sjávarútvegi sem stuðla að ofveiði og umframgetu og afnema styrki sem stuðla að ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum og
- e) stuðla að þróun sjálfbærs og ábyrgs lagareldis.

#### GR. 9.11

##### *Viðskipti og sjálfbær landbúnaðar og matvællakerfi.*

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi sjálfbærs landbúnaðar og matvællakerfa og hlutverki viðskipta við að ná þessu markmiði. Samningsaðilarnir ítreka sameiginlega skuldbindingu sína um að ná fram áætluninni um sjálfbæra þróun til ársins 2030 og heimsmarkmiðum hennar um sjálfbæra þróun.
2. Samkvæmt 1. mgr. skuldbinda samningsaðilarnir sig til að:
  - a) stuðla að sjálfbærum landbúnaði og tengdum viðskiptum,
  - b) stuðla að sjálfbærum matvællakerfum og
  - c) starfa saman, eftir því sem við á, að málefnum varðandi viðskipti og sjálfbæran landbúnað og matvællakerfi, þ.m.t. með skiptum á upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum, viðræðum um forgangsmál hvers um sig og skýrslugjöf um framgang við að ná fram sjálfbærum landbúnaði og matvællakerfum.

#### GR. 9.12

##### *Efling viðskipta og fjárfestinga sem stuðla að sjálfbærri þróun.*

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem viðskipti og fjárfestingar gegna við að efla sjálfbæra þróun í öllum sínum myndum.
2. Samkvæmt 1. mgr. taka samningsaðilarnir að sér að sjá um að:
  - a) ýta undir og greiða fyrir erlendum fjárfestingum, viðskiptum með og útbreiðslu á vörum og þjónustu sem stuðla að sjálfbærri þróun, m.a. þeim sem falla undir áætlanir um vistfræðileg, sanngjörn eða siðleg viðskipti,
  - b) stuðla að þróun og notkun á vottunarkerfum um sjálfbærni sem auka gagnsæi og rekjanleika í gegnum alla aðfangakeðjuna,
  - c) eiga við hindranir aðrar en tolla á viðskipti með vörur og þjónustu sem stuðla að sjálfbærri þróun,
  - d) ýta undir framlag viðskipta og fjárfestinga til auðlindanýtni og hringrásarhagkerfis,



- e) stuðla að sjálfbærum starfsvenjum við innkaup og
- f) hvetja til samstarfs milli fyrirtækja með tilliti til vöru, þjónustu og tækni sem ýta undir sjálfbæra þróun.

#### GR. 9.13

#### ***Ábyrgir viðskiptahættir.***

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að stuðla að ábyrgum viðskiptaháttum, m.a. með því að hvetja til viðeigandi starfshátta, s.s. ábyrgrar stjórnunar fyrirtækja á aðfangakeðjum. Í þessu tilliti hafa samningsaðilarnir í huga mikilvægi alþjóðlega viðurkenndra meginreglna og viðmiðunarreglna, s.s. viðmiðunarreglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki, þríhliða yfirlýsingar Alþjóðavinnuáráðs um fjölþjóðafyrirtæki og félagsmálastefnu, hnattræns samkomulags Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi.

#### GR. 9.14

#### ***Samvinna.***

1. Samningsaðilarnir skulu kappkosta að efla samvinnu sín á milli, á sviði vinnu- og umhverfismála, sem varða gagnkvæma hagsmuni sem um getur í þessum kafla, tvíhliða jafnt og á alþjóðlegum vettvangi þar sem þeir eru þátttakendur.
2. Sérhverjum samningsaðila er heimilt, eftir því sem við á, að bjóða aðilum vinnuarkaðarins eða öðrum viðeigandi hagsmunaaðilum að taka þátt í að greina möguleg samstarfssvið.

#### GR. 9.15

#### ***Framkvæmd og samráð.***

1. Samningsaðilarnir skulu tilnefna tengiliði að því er varðar þennan kafla.
2. Samningsaðili getur, fyrir milligöngu tengiliða sem um getur í 1. mgr., óskað eftir samráði við annan samningsaðila vegna mála sem rísa samkvæmt þessum kafla. Samráðið skal fara fram í sameiginlegu nefndinni. Hlutaðeigandi samningsaðilar skulu gera sitt ýtrasta til að ná viðunandi lausn í málinu sem allir aðilar geta sætt sig við og geta leitað ráðgjafar hjá viðkomandi stofnunum, aðilum eða sérfræðingum.
3. Samningsaðilarnir geta nýtt sér gr. 11.2 (Sáttaumleitanir) og gr. 11.3 (Samráð) í 11. kafla (Lausn deilumála).
4. Samningsaðilarnir geta ekki nýtt sér gerðardómsmeðferð skv. 11. kafla (Lausn deilumála) vegna mála sem rísa samkvæmt þessum kafla.
5. Samningsaðilarnir skulu gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að deila athugasemdum og veita ráðleggingar varðandi framkvæmd þessa kafla.

*Sérfræðinganefnd.*

1. Ef hlutaðeigandi samningsaðilar koma sér ekki saman um lausn sem gagnkvæm sátt er um í máli sem rís á grundvelli þessa kafla með samráði skv. gr. 11.3 (Samráð) getur hlutaðeigandi samningsaðili farið fram á að sérfræðinganefnd verði komið á fót. Ákvæði gr. 11.4 (Stofnun gerðardóms) og gr. 11.5 (Málsmeðferð gerðardómsins) gilda, að breyttu breytanda, nema kveðið sé á um annað í þessari grein.
2. Nefndarmennirnir skulu hafa viðeigandi sérfræðiþekkingu, þ.m.t. í alþjóðlegum verslunarrétti og alþjóðlegri vinnulöggjöf eða umhverfislöggjöf. Þeir skulu vera óháðir, starfa sem sjálfstæðir einstaklingar og skulu ekki taka við fyrirmælum frá stofnun eða ríkisstjórn að því er varðar málefni sem tengjast deilunum, eða vera í tengslum við ríkisstjórn samningsaðila.
3. Sérfræðingahópurinn ætti að leita eftir upplýsingum eða ráðgjöf frá viðeigandi alþjóðastofnunum eða -aðilum. Senda skal þær upplýsingar sem aflað hefur verið til viðkomandi samningsaðila til umsagnar.
4. Sérfræðinganefndin skal leggja frumskýrslu með niðurstöðum sínum og tilmælum fyrir viðkomandi samningsaðila innan 90 daga frá stofndegi sérfræðinganefndarinnar. Viðkomandi samningsaðila er heimilt að senda sérfræðinganefndinni skriflegar athugasemdir um frumskýrslu nefndarinnar innan 14 daga frá móttöku hennar. Að teknu tilliti til slíkra skriflegra athugasemda getur sérfræðinganefndin breytt frumskýrslunni og gert frekari rannsóknir sem hún telur við hæfi. Sérfræðinganefndin skal afhenda viðkomandi samningsaðilum lokaskýrslu innan 30 daga frá móttöku frumskýrslunnar. Lokaskýrslan skal gerð opinber.
5. Hlutaðeigandi samningsaðilar skulu ræða viðeigandi ráðstafanir til að koma lokaskýrslu sérfræðinganefndarinnar til framkvæmda. Tilkynna skal slíkar ráðstafanir öðrum samningsaðilum innan þriggja daga frá birtingu lokaskýrslunnar og skal sameiginlega nefndin hafa eftirlit með þeim.
6. Heimilt er að breyta hverjum þeim fresti er varðar þessa grein með gagnkvæmu samkomulagi hlutaðeigandi samningsaðila.
7. Telji sérfræðinganefnd að hún geti ekki haldið sig innan þeirra tímamarka sem henni ber að virða að því er þessa grein varðar skal hún upplýsa hlutaðeigandi samningsaðila skriflega um það og meta hversu langur viðbótartími er nauðsynlegur. Viðbótartími ætti ekki að vera lengri en 30 dagar.
8. Hlutaðeigandi samningsaðilar skulu skipta jafnt með sér kostnaði vegna sérfræðinganefndarinnar. Sérhver hlutaðeigandi samningsaðili skal bera eigin lögfræðikostnað og annan kostnað sem stofnað er til í tengslum við sérfræðinganefndina. Sérfræðinganefndin getur ákveðið að kostnaði verði dreift með öðrum hætti með tilliti til sérstakra aðstæðna í hverju tilviki.
9. Ef upp koma vafaatriði varðandi málsmeðferð getur sérfræðinganefndin, að höfðu samráði við viðkomandi samningsaðila, samþykkt viðeigandi málsmeðferð.

GR. 9.17

***Endurskoðun.***

Endurskoða skal þennan kafla reglulega innan samma sameiginlegu nefndarinnar með hliðsjón af þátttökuferlum og -stofnunum hvers samningsaðila um sig. Samningsaðilarnir skulu ræða hvernig miðað hefur að því að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í þessum kafla og fjalla um viðeigandi þróun á alþjóðavettvangi til þess að greina þau svið þar sem frekari aðgerðir gætu stuðlað að fyrrnefndum markmiðum.

## 10. KAFLI

### STOFNANAÁKVÆÐI

#### GR. 10.1

#### *Sameiginlega nefndin.*

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót sameiginlegri nefnd EFTA-ríkjanna og Lýðveldisins Moldóvu sem er skipuð fulltrúum frá hverjum samningsaðila.
2. Sameiginlega nefndin skal:
  - a) hafa yfirumsjón með og yfirfara framkvæmd samnings þessa,
  - b) kanna stöðugt þann kost að afnema enn frekar viðskiptahindranir og aðrar takmarkandi ráðstafanir sem varða viðskipti milli samningsaðilanna,
  - c) hafa umsjón með frekari útfærslu samnings þessa,
  - d) hafa yfirumsjón með starfi allra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt samningi þessum,
  - e) leitast við að leysa deilur sem kunna að rísa um túlkun eða beitingu samnings þessa og
  - f) fjalla um hvert það mál annað sem kann að hafa áhrif á rekstur samnings þessa.
3. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að koma á fót undirnefndum og vinnuhópum sér til aðstoðar við störf sín. Undirnefndirnar og vinnuhóparnir skulu starfa í umboði sameiginlegu nefndarinnar nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.
4. Sameiginlega nefndin getur tekið ákvarðanir eins og kveðið er á um í samningi þessum. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að senda frá sér tilmæli.
5. Sameiginlega nefndin getur:
  - a) íhugað og mælt með breytingum við samning þennan og
  - b) ákveðið að breyta viðaukum eða viðbætum við þennan samning.
6. Ákvarðanir og tilmæli sameiginlegu nefndarinnar skulu vera með samhljóða samþykki. Sameiginlega nefndin getur samþykkt ákvarðanir og lagt fram tilmæli varðandi málefni sem tengjast aðeins einu eða nokkrum EFTA-ríkjanna innan EES annars vegar og Lýðveldinu Moldóvu hins vegar. Samhljóða samþykki, ákvörðunin og tilmælin skulu einungis ná til þessara samningsaðila.

7. Hafi fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að innlend lagaskilyrði verði uppfyllt skal ákvörðunin öðlast gildi daginn sem síðasti samningsaðilinn tilkynnir vörsluaðilanum að innlendum skilyrðum hans hafi verið fullnægt nema þeir komi sér saman um annað. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að ákvörðunin öðlist gildi að því er varðar þá samningsaðila sem hafa tilkynnt vörsluaðilanum að innlendum skilyrðum hafi verið fullnægt, að því tilskildu að Lýðveldið Moldóva sé á meðal þessara samningsaðila.
8. Sameiginlega nefndin skal koma saman innan eins árs frá gildistöku samnings þessa. Eftir það skal hún koma saman þegar nauðsyn krefur en að jafnaði annað hvert ár. Fundir sameiginlegu nefndarinnar skulu vera undir sameiginlegu forsæti eins EFTA-ríkjanna og Lýðveldisins Moldóvu.
9. Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er farið fram á sérstakan fund í sameiginlegu nefndinni með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna. Slíkur fundur skal haldinn innan 30 daga frá því að beiðni berst nema samningsaðilar komi sér saman um annað.
10. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur.

## 11. KAFLI

### LAUSN DEILUMÁLA

#### GR. 11.1

##### *Gildissvið og umfang.*

1. Þessi kafli gildir um lausn hvers konar deilumála varðandi túlkun eða beitingu sammings þessa.
2. Heimilt er að leysa deilur vegna sama máls, sem rísa bæði samkvæmt samningi þessum og samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, á hvorum vettvanginum sem er, að ákvörðun umkvörtunaraðila.<sup>9</sup> Einungis skal nota þann vettvang sem valinn er.
3. Að því er varðar 2. mgr. telst málsmeðferð um lausn deilumála samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina hafa verið valin leggi sammingsaðili fram beiðni um stofnun gerðardóms skv. 6. gr. samkomulags Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála, en málsmeðferð um lausn deilumála samkvæmt samningi þessum telst hafa verið valin ef lögð er fram beiðni um gerðardómsmeðferð skv. 1. mgr. gr. 11.4. (Stofnun gerðardóms).
4. Áður en sammingsaðili hefur málsmeðferð til lausnar deilumáli samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gegn öðrum sammingsaðila skal hann tilkynna hinum sammingsaðilunum um fyrirætlan sína.

#### GR. 11.2

##### *Sáttaumleitunir.*

1. Deiluaðilum er frjálst að nýta sér málsmeðferð sem felst í sáttaumleitunum ef þeir koma sér saman um það. Þær má hefja, og þeim má ljúka, að beiðni deiluaðila, hvenær sem er. Þær geta haldið áfram meðan á málsmeðferð gerðardóms, sem stofnaður er í samræmi við þennan kafla, stendur.
2. Málsmeðferð, sem felst í sáttaumleitunum, skal vera trúnaðarmál og hefur ekki áhrif á rétt deiluaðila við frekari meðferð mála.

#### GR. 11.3

##### *Samráð.*

1. Sammingsaðilarnir skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu sammings þessa og gera sitt ýtrasta með samvinnu og samráði til að finna lausn sem

---

<sup>9</sup> Að því er þennan kafla varðar geta hugtökin „sammingsaðili“, „deiluaðili“, „umkvörtunaraðili“ og „sammingsaðili sem kvörtun beinist gegn“ átt við um einn eða fleiri sammingsaðila.

gagnkvæm sátt ríkir um í hverju því máli sem rís á grundvelli þessarar greinar.

2. Samningsaðili getur farið skriflega fram á samráð við annan samningsaðila ef hann telur að ráðstöfun samrýmist ekki þessum samningi. Samningsaðilinn sem fer fram á samráð skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um þá beiðni. Sá samningsaðili sem beiðninni er beint til skal svara henni innan 10 daga frá því að beiðnin berst. Samráð skal fara fram innan sameiginlegu nefndarinnar nema þeir samningsaðilar, sem leggja fram beiðni um samráð eða slíkri beiðni er beint til, komi sér saman um annað.
3. Samráð skal hefjast innan 30 daga frá viðtöku beiðni um samráð. Samráð um brýn málefni, þ.m.t. um vörur sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum, skal hefjast innan 15 daga frá viðtöku beiðni um samráð. Svari samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, ekki innan tíu daga eða gangi ekki til samráðs innan 30 daga frá viðtöku beiðninnar um samráð, eða innan 15 daga ef málin eru brýn, á samningsaðilinn, sem leggur fram beiðnina, rétt á að fara fram á stofnun gerðardóms í samræmi við gr. 11.4. (Stofnun gerðardóms).
4. Deiluaðilarnir skulu veita nægilegar upplýsingar til að unnt sé að kanna til fulls hvort viðkomandi ráðstöfun samrýmist þessum samningi eða ekki og fara með hvers kyns trúnaðarupplýsingar, sem skipst er á meðan samráðið varir, á sama hátt og samningsaðilinn sem veitir upplýsingarnar.
5. Samráðið skal fara fram í trúnaði og hefur ekki áhrif á rétt deiluaðilanna komi til frekari málsmeðferðar.
6. Deiluaðilarnir skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um gagnkvæmt samkomulag um lausn málsins.

#### GR. 11.4

##### *Stofnun gerðardóms.*

1. Leiði samráðið, sem um getur í gr. 11.3 (Samráð), ekki til lausnar deilu innan 60 daga, eða 30 daga í tengslum við brýnt mál, þ.m.t. mál er varða vörur sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum, frá því að samningsaðilinn, sem kvörtun beinist gegn, veitir beiðninni um samráð viðtöku, getur umkvörtunaraðili, með skriflegri beiðni til samningsaðilans sem kvörtunin beinist gegn, farið fram á stofnun gerðardóms. Afrit af beiðninni skal sent hinum samningsaðilunum til þess að þeir geti ákveðið hvort þeir vilji taka þátt í gerðardómsferlinu.
2. Í beiðni um stofnun gerðardóms skal tilgreina þá sértæku ráðstöfun sem um ræðir og leggja fram stutta samantekt um þann laga- og staðreyndagrundvöll sem kvörtunin hvílir á.
3. Þrír gerðarmenn sitja í gerðardóminum og skulu þeir skipaðir í samræmi við reglur Alþjóðagerðardómsins frá 2012, að breyttu breytanda. Stofndagur gerðardómsins telst vera dagurinn þegar formaðurinn er skipaður.

4. Erindisbréf gerðardómsins er sem hér segir nema deiluaðilarnir komi sér saman um annað innan 20 daga frá viðtöku beiðninnar um stofnun gerðardómsins:

„Að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða samnings þessa, það mál sem um getur í beiðninni um stofnun gerðardóms skv. gr. 11.4 (Stofnun gerðardóms) og komast að niðurstöðu á grundvelli laga og málsatvika og gefa út tilmæli, ef við á, um lausn deilunnar og framkvæmd úrskurðarins.“

5. Ef fleiri en einn samningsaðili leggur fram beiðni um stofnun gerðardóms í tengslum við sama málið eða ef beiðnin tekur til fleiri en eins samningsaðila sem kvörtunin beinist gegn og ávallt þegar það er framkvæmanlegt ætti að stofna einn gerðardóm til að rannsaka umkvörtunarefni sem tengjast sama málinu.

6. Samningsaðili, sem er ekki aðili að deilunni, á rétt á, eftir að hafa afhent deiluaðilunum skriflega beiðni, að leggja skriflegar greinargerðir fyrir gerðardóminn, fá skriflegar greinargerðir, þ.m.t. viðauka, frá deiluaðilunum, vera viðstaddur skýrslugjöf og gera munnlegar athugasemdir.

7. Gerðardómurinn, sem um getur í gr. 11.8 (Lokaskýrsla gerðardóms framkvæmd) og gr. 11.9 (Bætur og frestun ávinnings), skal ávallt þegar því verður við komið skipaður sömu gerðarmönnum og gáfu lokaskýrsluna út. Sé gerðarmaður í upphaflega gerðardóminum ekki tiltækur skal tilnefning gerðarmanns í hans stað fara fram í samræmi við þá valaðferð sem gildi þegar upphaflegi gerðarmaðurinn var tilnefndur.

#### GR. 11.5

##### *Málsmeðferð gerðardómsins.*

1. Um málsmeðferð gerðardómsins fer eftir gerðardómsreglum Alþjóðagerðardómsins frá 2012, að breyttu breytanda, nema annað sé tilgreint í samningi þessum eða deiluaðilar komi sér saman um annað.

2. Gerðardómurinn skal rannsaka það mál sem vísað er til hans í beiðninni um stofnun gerðardóms í ljósi viðeigandi ákvæða samnings þessa sem eru túlkuð í samræmi við reglur um túlkun þjóðaréttar.

3. Öll málsmeðferð skal fara fram á ensku. Skýrslugjöf fyrir gerðardóminum skal fara fram í Haag og vera opin almenningi nema deiluaðilarnir komi sér saman um annað.

4. Engin einhliða (ex parte) samskipti skulu vera við gerðardóminn um mál sem hann hefur til meðferðar.

5. Samningsaðili skal senda hinum deiluaðilanum samhliða öll skjöl eða upplýsingar sem hann leggur fyrir gerðardóminn. Skrifleg greinargerð, beiðni, tilkynning eða annað skjal telst mótttekið þegar það hefur verið afhent viðtakanda eftir diplómatískum leiðum.



6. Samningsaðilar skulu gæta trúnaðar að því er varðar þær upplýsingar sem gerðardóminum eru sendar, enda hafi sá deiluaðili sem þær sendir auðkennt þær sem trúnaðarmál.

7. Meirihluti gerðardómsins skal taka ákvarðanir gerðardómsins. Gerðarmönnum er heimilt að gefa sérálit um málefni sem samhljóða samkomulag er ekki um. Gerðardómurinn skal ekki gefa upp hverjir gerðarmanna standa að meirihluta- eða minnihlutaálit.

#### GR. 11.6

##### *Skýrslur gerðardóms.*

1. Gerðardómurinn ætti að senda deiluaðilunum frumskýrslu, sem inniheldur niðurstöður og úrskurði hans, eigi síðar en 90 dögum eftir að gerðardómurinn er stofnsettur. Deiluaðila er heimilt að senda gerðardóminum skriflegar athugasemdir innan 14 daga frá viðtöku frumskýrslunnar. Gerðardómurinn ætti að afhenda deiluaðilunum lokaskýrslu innan 30 daga frá því að þeir veita frumskýrslunni viðtöku.

2. Sendu skal samningsaðilunum lokaskýrsluna, ásamt öllum skýrslum skv. gr. 11.8 (Lokaskýrsla gerðardóms framkvæmd) og gr. 11.9 (Bætur og frestun ávinnings). Skýrslurnar skal birta almenningi nema deiluaðilarnir ákveði annað.

3. Allir úrskurðir gerðardómsins samkvæmt ákvæði þessa kafla skulu vera endanlegir og bindandi fyrir deiluaðilana.

#### GR. 11.7

##### *Málsmeðferð gerðardóms frestað eða hætt.*

1. Ef deiluaðilarnir eru einhuga um það getur gerðardómur hvenær sem er gert hlé á starfi sínu, þó ekki lengur en í 12 mánuði. Hafi hlé á störfum gerðardóms varað lengur en í 12 mánuði fellur umboð gerðardómsins til að fjalla um deiluna úr gildi, nema deiluaðilar verði ásáttir um annað.

2. Umkvörtunaraðili getur dregið kvörtun sína til baka hvenær sem er áður en frumskýrslan er birt. Slík afturköllun hefur engin áhrif á rétt hans til að leggja síðar fram nýja kvörtun vegna sama máls.

3. Deiluaðilarnir geta hvenær sem er samþykkt að meðferð gerðardómsins, sem stofnaður er samkvæmt samningi þessum, skuli hætt með því að tilkynna formanni hans sameiginlega um það skriflega.

4. Gerðardómur getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er og áður en lokaskýrslan er birt, lagt til að deiluaðilarnir leiti vinsamlegrar lausnar á deilunni.

## GR. 11.8

### ***Lokaskýrsla gerðardóms framkvæmd.***

1. Sá samningsaðili sem kvörtun beinist gegn skal umsvifalaust hlíta úrskurðinum í lokaskýrslunni. Ef ekki reynist framkvæmanlegt að hlíta úrskurðinum tafarlaust skulu deiluaðilar leitast við að semja um hæfilegan frests til þess. Liggi slíkt samkomulag ekki fyrir innan 45 daga frá útgáfudegi lokaskýrslunnar getur hvor deiluaðila sem er farið þess á leit við hinn upphaflega gerðardóm að hann ákveði lengd hæfilegs frests í ljósi sérstakra aðstæðna í málinu. Gerðardómurinn ætti að fella úrskurð sinn innan 60 daga frá viðtöku fyrrnefndrar beiðni.
2. Sá samningsaðili sem kvörtun beinist gegn skal tilkynna hinum deiluaðilanum um þá ráðstöfun sem samþykkt er til að fylgja úrskurðinum í lokaskýrslunni eftir og gefa ítarlega lýsingu á því hvernig ráðstöfunin tryggir eftirfylgni sem nægir til að hinn deiluaðilinn geti lagt mat á ráðstöfunina.
3. Ef ágreiningur er um hvort um ráðstöfun sé að ræða sem fylgir eftir úrskurðinum í lokaskýrslunni eða hvort sú ráðstöfun samrýmist úrskurðinum skal sami gerðardómur kveða upp úr um slíkan ágreining, óski annar hvor deiluaðila eftir því, áður en unnt er að fara fram á bætur eða fresta ávinningi í samræmi við gr. 11.9 (Bætur og frestun ávinnings). Gerðardómurinn ætti að fella úrskurð sinn innan 90 daga frá viðtöku fyrrnefndrar beiðni.

## GR. 11.9

### ***Bætur og frestun ávinnings.***

1. Hlíti samningsaðilinn, sem kvörtun beinist gegn, ekki úrskurði gerðardómsins sem um getur í gr. 11.8 (Lokaskýrsla gerðardóms framkvæmd) eða tilkynni hann umkvörtunaraðilanum að hann hyggist ekki hlíta úrskurðinum í lokaskýrslu gerðardómsins skal fyrstnefndi samningsaðilinn ganga til samráðs, fari umkvörtunaraðilinn fram á það, í því augnamiði að ná samkomulagi um bætur sem gagnkvæm sátt er um. Hafi verið farið fram á slíkt samráð og ekkert slíkt samkomulag náðst innan 20 daga frá viðtöku beiðninnar ber umkvörtunaraðilanum réttur til að fresta því að veita ávinning, sem leiðir af samningi þessum, en einungis til jafns við þann sem sú ráðstöfun, sem gerðardómurinn ákvað að samrýmdist ekki samningi þessum, tekur til.
2. Þegar umkvörtunaraðilinn tekur til athugunar hvaða ávinningi skuli frestað ætti hann fyrst að leitast við að fresta ávinningi á sama sviði eða sviðum og sú ráðstöfun, sem gerðardómurinn ákvað að samrýmdist ekki samningi þessum, tekur til. Umkvörtunaraðili, sem telur það hvorki gerlegt né vænlegt til árangurs að fresta ávinningi á sama sviði eða sviðum, getur frestað ávinningi á öðrum sviðum.
3. Umkvörtunaraðilinn skal tilkynna samningsaðilanum, sem kvörtun beinist gegn, um þann ávinning sem hann hyggst fresta, um ástæður þeirrar frestunar og hvenær frestunin hefjist eigi síðar en 30 dögum fyrir þann dag sem frestunin á að koma til framkvæmda. Samningsaðilanum, sem kvörtun beinist gegn, er heimilt að fara þess á leit við upphaflega gerðardóminn, innan 15 daga frá viðtöku fyrrnefndrar tilkynningar, að hann felli úrskurð um það hvort sá ávinningur sem umkvörtunaraðilinn hyggst fresta sé jafngildur þeim ávinningi sem ráðstöfunin, sem talið var að samrýmdist ekki samningi þessum, hafði áhrif á og hvort fyrirhuguð frestun sé í samræmi við 1. og 2. mgr.

Gerðardómurinn ætti að fella úrskurð sinn innan 45 daga frá viðtöku fyrrnefndrar beiðni. Ekki skal fresta ávinningi fyrr en gerðardómurinn hefur fellt úrskurð sinn.

4. Bætur og frestun ávinnings skulu vera tímabundnar ráðstafanir og skal umkvörtunaraðilinn einungis beita þeim uns ráðstöfunin, sem talið var að samrýmdist ekki samningi þessum, hefur verið dregin til baka eða henni breytt þannig að samrýmist samningi þessum eða uns deiluaðilar hafa leyst deiluna með öðrum hætti.

5. Upphaflegi gerðardómurinn skal, að beiðni deiluaðila, fella úrskurð um það hvort framkvæmdarráðstafanir, sem eru samþykktar eftir að ávinningi er frestað, séu í samræmi við lokaskýrsluna og hvort rétt sé, í ljósi fyrrnefnds úrskurðar, að aflétta eða breyta frestun ávinnings. Gerðardómurinn ætti að fella úrskurð sinn innan 30 daga frá viðtöku fyrrnefndrar beiðni.

GR. 11.10

#### ***Tímamörk.***

1. Heimilt er að breyta hverjum þeim fresti, sem um getur í þessum kafla, með gagnkvæmu samkomulagi deiluaðila eða af hálfu gerðardómsins, að fenginni beiðni frá deiluaðila.

2. Telji gerðardómur að hann geti ekki haldið sig innan þeirra tímamarka sem honum ber að virða samkvæmt þessum kafla skal hann upplýsa deiluaðilana skriflega um það og leggja fram mat á því hversu langan viðbótartíma hann þarf. Nauðsynlegur viðbótartími ætti ekki að vera lengri en 30 dagar.

GR. 11.11

#### ***Kostnaður.***

Sérhver deiluaðili skal bera eigin lögfræðikostnað og annan kostnað í tengslum við gerðardómsmeðferð. Deiluaðilarnir skulu skipta jafnt með sér kostnaði við gerðardóminn. Sérfræðinganefndin getur ákveðið að kostnaði verði skipt með öðrum hætti með tilliti til sérstakra aðstæðna í hverju tilviki.

## 12. KAFLI

### LOKAÁKVÆÐI

#### GR. 12.1

##### *Viðaukar og viðbætar.*

Viðaukarnir og viðbæturnir við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans.

#### GR. 12.2

##### *Breytingar.*

1. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að leggja tillögur að breytingum á samningi þessum fyrir sameiginlegu nefndina til umfjöllunar og samþykktar.
2. Breytingar á samningi þessum skulu háðar fullgildingu, staðfestingu eða samþykki nema kveðið sé á um annað í gr. 10.1 (Sameiginlega nefndin).
3. Ef ekki er gert samkomulag um annað skulu breytingar á samningi þessum öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir þann dag þegar minnst eitt EFTA-ríki og Lýðveldið Moldóva hafa afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu. Að því er varðar EFTA-ríki, sem afhendir skjál sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir þann dag þegar minnst eitt EFTA-ríki og Lýðveldið Moldóva hafa afhent vörsluaðila skjál sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu skal breytingin öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjál þess er afhent til vörslu.
4. Breytingar, sem varða málefni sem tengjast aðeins einu eða nokkrum EFTA-ríkjum og Lýðveldinu Moldóvu, skulu samþykktar af hálfu hlutaðeigandi samningsaðila.
5. Textar breytinganna og skjölin um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila til vörslu.
6. Samningsaðili getur beitt breytingu til bráðabirgða með fyrirvara um innlend lagaskilyrði. Tilkynna skal vörsluaðilanum um beitingu breytinga til bráðabirgða.

#### GR. 12.3

##### *Aðild.*

1. Hvert það ríki sem fær aðild að EFTA getur gerst aðili að samningi þessum með þeim skilmálum og skilyrðum sem samningsaðilarnir og inngönguríkið sammælast um.
2. Að því er inngönguríki varðar skal samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir þann dag þegar inngönguríkið og síðasti samningsaðilinn hafa afhent skjöl

sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki aðildarskilmálanna til vörslu.

#### GR. 12.4

##### ***Úrsögn og gildislok.***

1. Sérhver samningsaðili getur sagt sig frá samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans. Úrsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku.
2. Segi Lýðveldið Moldóva sig frá samningi þessum skal hann falla úr gildi þegar úrsögn þess tekur gildi.
3. Segi EFTA-ríki sig frá samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum af þeim sökum úr gildi sama dag og úrsögnin tekur gildi.

#### GR. 12.5

##### ***Gildistaka.***

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila til vörslu.
2. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir þann dag þegar minnst eitt EFTA-ríki og Lýðveldið Moldóva hafa afhent vörsluaðila skjál sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.
3. Að því er varðar EFTA-ríki, sem afhendir skjál sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir þann dag þegar minnst eitt EFTA-ríki og Lýðveldið Moldóva hafa afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu, skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjál þess er afhent til vörslu.
4. Samningsaðili getur beitt þessum samningi til bráðabirgða með fyrirvara um innlend lagaskilyrði. Tilkynna skal vörsluaðilanum um beitingu þessa samnings til bráðabirgða.

#### GR. 12.6

##### ***Vörsluaðili.***

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Schaan, Liechtenstein, 27. júní 2023 í einu frumriti á ensku sem skal afhent vörsluaðilanum til vörslu sem sendir öllum samningsaðilunum staðfest endurrit.

Fyrir hönd Íslands

.....

Fyrir hönd Lýðveldisins Moldóvu

.....

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

.....

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

.....

Fyrir hönd Svissneska ríkjasambandsins

.....